



Leikskólinn Vinaminni

2024–2025



Framtíðarsýn leikskólans Vinaminnis:

Í því metnaðarfulla skólastarfi sem nemendur öðlast í leikskólanum Vinaminni fara þeir sjálfstæðir, félagslega sterkir og með góðan málþroska á næsta skólastig þ.e. í grunnskólann. Þannig geta þeir byggt framtíð sína á traustum grunni tilbúnir að takast á við þær áskoranir sem á vegi þeirra verða, sigrast á þeim og komast á þann stall sem hugur og væntingar leiða þau í lífinu landi og þjóð til sóma.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans Vinaminnis.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans Vinaminnis fyrir 2023-2024	5
3 Innra mat deilda.....	15
4 Innra mat sérkennslu 2023-2024	35
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.....	38
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	40
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	40
8 Foreldrasamvinna	41
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	42
10 Fylgiskjöl.....	44
11 Fylgiskjal – Umsögn foreldraráðs.....	51

Leiðarljós leikskólans Vinaminnis

Leikurinn á vísdóm veit

Gildi: Virðing, gleði, traust

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2023-2024 hófst með því að starfsmenn sátu skipulagsdag saman þar sem farið var yfir starfsáætlun komandi skólaárs og áherslupættir rifjaðir upp. Síðan komu þær Þóra Sæunn Úlfsdóttir og Emilía Rafnsdóttir frá MIÐJA MÁLS OG LÆSIS (MML) með fyrirlestur um málþroska barna og hvað starfsmenn leikskólans geta gert til að efla málþroska barnanna. Einnig komu þær Hrafnhildur Sigurðardóttir og Unnur Arna Jónsdóttir en báðar hafa lokið Diplómu námi í sálgæslu. Þær komu á vegum Hugarfrelsis með fyrirlestur um það hvernig starfsmenn geta eflt vellíðan sína í starfi.

Börnin fengu metnaðarfullt skólastarf sem efldi þau til dáða í þekkingarleit sinni. Eins og öll önnur ár einkennast haustmánuðirnir af aðlögun barna. Á Álfasteini komu öll börnin ný inn því þau börn sem voru fyrir á deildinni aðlöguðust yfir á Dvergastein og síðan koll af kalli, börn sem voru á Dvergasteini fóru flest yfir á Völusteini og börn af Völusteini fóru mörg á Töfrastein en elstu börnin þar byrjuðu í grunnskóla að hausti.

Skólastarfið í Vinaminni er komið í fastar skorður sem hentar vel börnum og starfsmönnum skólans. Í innra mati og umbótaáætlunum hér að neðan kemur fram hvernig skólastarfið gekk á síðasta skólaári og hvaða áherslupættir verða á því næsta.

Mikil áhersla er lögð á málþroska og málörvun barna í Vinaminni. Einn leikskólakennari er í hlutastarfi og vinnur með öll þau börn sem koma slök út úr málþroskaskimunum EF12 og Hljóm2 og einnig öllum börnum sem starfsmenn hafa áhyggjur af hvað varðar málþroska þeirra og íslenskt mál. Það hefur sýnt sig að málþroski barna er á undanhaldi á Íslandi og þó svo að leikskólinn vinni hörðum höndum að eflingu hans gerist ekkert hjá börnunum nema foreldrar og heimili taki virkan þátt með skólanum. Á vorönninni óskuðu rekstrarstjóri og leikskólastjóri eftir því við Sigrúnu Öldu Vigfúsdóttur talmeinafræðing hjá Suðurmíðstöð að hún kæmi með fyrirlestra um málþroska barna fyrir foreldra barna í leikskólanum. Sigrún Alda kom þrisvar sinnum í skólann og hélt fyrirlestur fyrir foreldrana. Skiptust fyrirlestrarnir þannig niður að foreldrar barna sem eru eins til tveggja ára komu saman, foreldrar barna sem eru tveggja til þriggja ára komu saman og foreldrar barna sem eru þriggja til fjögurra ára komu saman. Foreldrar fjölmenntu eða 90% mæting á alla fyrirlestrana nema hjá yngstu börnunum þá kom aðeins helmingur foreldra á fyrirlesturinn. Almenn ánægja var hjá foreldrunum með fyrirlestrana og sögðu margir foreldrar að þeir hefðu ekki gert sér grein fyrir því hvað það skiptir miklu máli að tala endalaust við börnin, lesa fyrir þau og sinna málþroska þeirra af kostgæfni alla daga. Stefnt er að því að Sigrún Alda endurtaki þessa fyrirlestra fyrir foreldra barna í skólanum næsta haust þ.e. 2024.

Starfsmannahald er alltaf þungur róður í skólanum þar sem mikil veikindi leggjast á starfsmenn skólans yfir vetrarmánuðina. Það vantaði oft nokkra starfsmenn til starfa vegna veikinda svo afleysingafólk, rekstraraðili og leikskólastjóri fóru inn á deildar til að hjálpa til þegar þannig stóð á. Það þurfti því ekki að senda börn heim vegna mannekleu heldur náðist að halda starfinu gangandi. Oft héldust í hendur veikindi barnanna og starfsmanna svo þetta slapp allt fyrir horn hvað varðar að manna allar deildar alltaf.

Um áramót fór einn deildarstjórinn í langtíma veikindaleyfi og tók þá kennari sem starfar hálfan daginn deildarstjórnina á deildinni auk þess sem aðstoðarleikskólastjóri kom inn á deildina í nokkra daga til að starfsmenn öðluðust öryggi í starfinu og gætu tekið ákvarðanir þann hluta dagsins sem deildarstjórinn var ekki í starfinu. Þetta gekk allt vel starfsmenn öðluðust aukið öryggi í starfinu og börnin voru glöð og ánægð.

Leikskólinn Vinaminni varð 30 ára 14. janúar 2024 og var því ástæða til að fagna. Rekstraraðilar tóku sal á leigu á hótél Hilton og buðu foreldrum, starfsmönnum, vinum og velunnurum skólans til fagnaðarins. Rekstraraðili / leikskólastjóri rakti sögu skólans og margir velunnarar skólans tóku til máls og fögnuðu þessum tímamótum með rekstraraðilunum. Má þar nefna formann samtaka sjálfstæðra skóla, fráfarandi leikskólastjóra og frumkvöðul sjálfstætt starfandi leikskóla, foreldrar úr foreldrafélagi Vinaminnis, foreldri sem er búinn að vera með barnið sitt í 5 ár í skólanum, leikskólakennari sem starfaði í mörg ár í skólanum en er fluttur út á land og börn rekstraraðila sögðu fá því hvernig þessi vegferð kom þeim fyrir sjónir bæði þegar þau voru börn, unglingar og svo foreldrar í leikskólanum. Boðið var upp á léttar veitingar og dagurinn var í alla staði ógleymanlegur.

Leikskólastjóri/rekstraraðili tók þá ákvörðun að ráða aðstoðarleikskólastjórnann í leikskólastjórstöðu skólans frá 1. febrúar 2024 og víkja sjálfur til hliðar úr leikskólastjóra starfinu hvað stjórnun og starfsmannahald varðar en vera áfram rekstraraðili skólans. Hugsunin var að geta minnkað vinnu og viðveru í skólanum en viðveran hefur varað nánast óslitið í 30 ár fyrir utan nokkrar daga frí annað slagið til að endurnæra huga og sál. Eins og allir sem þekkja leikskólastarfið vita er mjög erfitt að yfirgefa starfsvettvanginn því verkefni eru mörg og krefjandi en þetta ferli hefur tekið fimm mánuði að reyna að komast aðeins fyrir út úr húsi.

Starfsmenn leikskólans Vinaminnis eru mikilvægasta aflið í skólastarfinu og þeir horfa björtum augum fram á veginn og hlakka til þeirrar vegferðar sem er í vændum næsta skólaár. Deildarstjórar hafa notað sumarið meðan sumarstarfsmenn eru í starfi til að skipuleggja næsta skólaár og gera allt tilbúið fyrir upphaf starfsársins 2024-2025.

Bestu kveðjur
Sólveig Einarsdóttir
rekstraraðili

2 Innra og ytra mat leikskólans Vinaminnis fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Stjórnun Stjórnendur sem faglegir leiðtogar	Umræður um gæði náms og starfs á Stjórnendafundum (Leikskólastjórar og deildarstjórar) og deildarfundum. Skráningar	Leikskólastjórar, deildarstjórar og starfsmenn deilda	<p>Það sem má bæta næsta skólaár er t.d.</p> <p>Mikilvægt að hafa deildarstjórafundi aðra hvora viku og deildarfundu einu sinni í mánuði. Að deildarstjórar hafi starfsáætlunina og umbótaáætlun sýnilega á deildum og rýna í hana í starfinu með starfsfólki deilda. Þannig verður auðveldara að stefna að þeim markmiðum sem unnið er að bæði markmiðum í leikskólanum í heild og á viðkomandi deild. Einnig þurfa deildarstjórar að taka umræður með starfsmönnum á deildarfundum hvernig gengur á vegferðinni og hvað er hægt að gera betur.</p> <p>Það vantaði einnig upp á að deildarstjórar styðji vel við alla starfsmenn deilda en sérstaklega þurfa starfsmenn af erlendum uppruna góðan stuðning. Deildarstjórar þurfa að sjá til þess að starfsmenn af erlendum uppruna skilji það sem talað er um og viti að hverju er stefnt í starfinu með börnunum. Þannig verða starfsmenn öruggari í starfinu, misskilningur verður minni og léttari samvinna á allan hátt sem skilar sér í betra starfi og betri líðan hjá börnunum.</p>
Faglegt samstarf	Umræður á deildum - og fagfundum um lýðræðisleg vinnubrögð í starfinu í skólanum Skráningar	Leikskólastjórar og deildarstjórar	<p>Það sem haft verður í huga næsta skólaár hvað varðar faglegt samstarf. Góð samvinna milli deildarstjóra og leikskólastjóranna er mjög mikilvæg og gagnkvæm upplýsingagjöf þar á milli er forsenda þess að traust og notalegt og afslappað andrúmsloft ríki í skólanum. Töluvert vantaði upp á að góð samvinna milli deilda ríkti. Deildarstjórar þurfa einnig að koma mikilvægum upplýsingum til starfsmanna deildanna svo þeir viti hvað er verið að ræða um varðandi skólastarfið, þá verða þeir öruggari í starfi og þeir finna sig hluta af starfsmannaheild skólans.</p> <p>Deildarstjórar þurfa að vera vakandi yfir því hvaða fræðslu og námskeið þeir vilja sækja til að auðga leikskólastarfið. Deildarstjórar þurfa að ræða við leikskólastjórana um viðkomandi fræðslu og sjá til þess að hún henti starfi skólans.</p>

Þróunarverkefni í málörvun barna	Umræður á stjórnendafundum. Skráningar	Leikskólastjórar og deildarstjórar	Ákveðið var að fresta þróunarverkefni um málþroska barna að svo stöddu. Sjá nánar: fylgiskjal um málþroska barna.
Skólanámskrá	Umræður á stjórnendafundum Skráningar	Fagfólk leikskólans	Vinna að endurgerð skólanámskrár fór af stað á síðastliðnu skólaári. Starfsmenn skólans vinna áfram að endurgerð skólanámskrárinnar á nýju skólaári þ.e. 2024-2025 Endurgerð skólanámskrá leikskólans Vinaminnis verður gefin út 31. desember 2024
Uppeldis- og menntastarf			
Leikur og nám - lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Umræður á deildar-,fag- og starfsmannafundum Skráningar	Starfsmenn skólans tóku þátt ásamt elstu börnum skólans.	Síðastliðið skólaár var lagt upp með það að börnin gætu valið viðfangsefni á leiksvæði í valstundum. Þetta gekk eftir á Töfrasteini framan af vetri en eftir áramótin var því ábótavant. Í hópastarfi og Vísdomsstundum á Töfrasteini gekk þetta vel og börnin völdu sér viðfangsefni og fengu stuðning hinna fullorðnu til að framkvæma þá vinnu sem þau völdu, t.d. að finna fræðsluefni með þeim og efnivið. Á yngri deildum skólans völdu börnin viðfangsefni líðandi stunda en í skipulögðum stundum vantaði upp á að börnin tækju þátt í að velja viðfangsefni. Á öllum deildum skólans vantaði nægilegar skráningar á starfinu með börnunum. Á Töfrasteini voru skráningar í vísdomsstundum og hópastarfi. Skráningar í hópastarfinu voru skemmtilegar og börnin fóru heim með bækur með upplýsingum um hvað var gert í hverri stund, teikningar sínar og frásagnir um viðfangsefnið.
Fjölbreyttar leiðir séu farnar til að ná fram sjónarmiðum barna	Umræður á deildarfundum og fagfundum. Skráningar.	Stjórnendateymi og starfsfólk Völusteins og Töfrasteins	Starfsmenn skólans hlustuðu á frásagnir og hugmyndir barnanna af athygli og reyndu að koma til móts við óskir, hugmyndir og langanir þeirra eftir bestu getu. Mikil umræða fór fram við börnin á eldri deildum skólans bæði í frjálsa leiknum í samverustundum, hópastarfi og í Vísdomsstundum. Hugmyndir barnanna fengu rými og ný orð og orðasambönd voru skoðuð og útskýrð fyrir börnunum. Á yngri deildum skólans gekk vel að hlusta á langanir barnanna.

<p>Leitað verði leiða til að fá fram raddir barna sem ekki hafa færni í íslensku</p>	<p>Umræður á fundum með leikskólastjórum og starfsmönnum sem sjá um sérkennslu.</p> <p>Skráningar</p>	<p>Leikskólastjórar, deildarstjórar og stuðningsaðilar.</p>	<p>Unnið var markvisst með þau börn sem eru slök í íslensku og öll börn af erlendum uppruna. Snemmtæk íhlutun er í fyrirrími þar sem leikskólakennari sem sér um málörvun í skólanum grípur inn í um leið og spurningar vakna hjá starfsfólki um málþroska einstakra barna. Leikskólakennarinn skoðar málið og vinnur með viðkomandi barn/börn inni í barnahópnum styður við samskipti þeirra við önnur börn ef þess gerist þörf. Leikskólakennarinn vinnur með sérhverju barni 2-3 í viku þar sem málörvun á sér stað. Allir starfsmenn reyna að koma til móts við þessi börn í hinu daglega starfi. Ef um verulega málþroska skerðingu er að ræða er send tilvísun til Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og óskað eftir frekari athugun talmeinafræðings með leyfi foreldra.</p>
<p>Unnið sé markvisst að uppeldi til sjálfbærni og það endurspeglar bæði í námskrá og starfi</p>	<p>Umræður á deildarfundum og starfsmannafundum.</p> <p>Skráningar</p>	<p>Allir starfsmenn leikskólans.</p>	<p>Allt rusl er flokkað í skólanum, börn og starfsmenn flokka allt rusl í viðeigandi flokkunarfötur. Tilraun hefur verið í gangi í nokkur ár með moltugerð þar sem börn og starfsmenn setja allan ávaxtaúrgang í tunnu eftir ávaxtastundir. Umhverfi skólans er ekki heppilegt fyrir þessa vinnu þar sem moltutunnan þarf að vera úti á svölum. Það er mjög óheppilegur staður og ekki annað svæði aðgengilegt. Ákveðið hefur því verið að hætta vinnu með moltugerð.</p> <p>Á Völusteini gróðursetja börnin blóm á vorin og fara með þau heim um sumarfrí.</p>

Blær	Umræður á stjórnendafundum. Skráningar	Leikskólastjórar og deildarstjórar	Ákveðið var að taka ekki inn þetta verkefni næsta skólaár.
Umgengni í leikskólanum	Umræður á starfsmannafundi í mars 2024 og á deildarfundum yfir veturinn Skráningar	Allt starfsfólk skólans	<p>Einn stór þáttur í starfi skólans sem þarf að bæta er umgengni í húsinu. Starfsmönnum ber að vera fyrirmyndir barnanna í þessum efnum því þannig læra börnin að ganga vel um eigin sínar og annarra. Starfsmenn þurfa að hjálpa börnunum að taka dótið saman eftir sig og ganga frá hlutum á vissa staði. Þau þurfa líka að læra að ganga frá útifötunum sínum í fatahólfín sín og raða skóm og stígvélum með aðstoð hinna fullorðnu.</p> <p>Umgengni í skólanum hefur verið nokkuð ábótavant á öllum svæðum skólans. Sameiginleg ílát í smiðjunni rata ekki alltaf rétta leið. Starfsmenn ganga oft á tíðum ekki frá áhöldum í smiðju eftir lok vinnu þar.</p> <p>Börnin eiga rétt á að koma að leikefni og leikföngum á réttum stöðum snyrtilega frá gengnum.</p> <p>Í kaffistofu starfsmanna er frágangi oft ábótavant. Margir gleyma að ganga frá eftir sig en það skiptir máli fyrir starfsmenn að koma í hvíldarstund sína og hafa umhverfið fallett og þrifalegt, þannig njóta starfsmenn betur hvíldar.</p> <p>Á yngri deildum skólans hefur frágangur verið mun betri en á öðrum svæðum skólans en alltaf má bæta umgengnina.</p> <p>Umgengni er samvinnuverkefni sem allir þurfa að taka virkan þátt í að móta svo öllum líði vel.</p>

Matmálstímar	Umræður á deildarstjórafundum og deildarfundum Skráningar	Allir starfsmenn skólans.	Það hefur gengið allavega að taka upp þann sið aftur eftir Covid 19 að leyfa börnunum að skammta sér matinn sjálf á diskana, hella í glasið sitt og að smyrja brauðið sitt. Þetta er samt allt í vinnslu og börnin á Töfrasteini eru orðin ansi flink í þessu. Það eru þó einstaka starfsmenn sem taka þetta starf að sér fyrir börnin. Starfsmenn þurfa stöðugt að minna sig á að leyfa börnunum að gera sjálf. Á Völusteini er búið að bæta við borði þar inni svo börnin eru færri á hverju borði en þá er auðveldara fyrir starfsmenn að aðstoða börnin á matmálstímum. Börnin á Töfrasteini og Völusteini ganga sjálf frá eftir sig þegar þau hafa lokið við að borða. Á Álfasteini og Dvergasteini var meiri áhersla lögð á að hinir fullorðnu segi börnunum hvaða matartegundir eru á diskunum og spyrja hvað þau vilja.
Mannauður/ Leikskólabragur			
Að starfsfólk sækir símenntun	Leikskólastjórar sjá til þess að starfsfólk fái námskeið, fræðslu eða endurmenntun að minnsta kosti tvisvar á ári. Skráningar	Leikskólastjórar	Á hverju ári fá allir starfsmenn skólans endurmenntun í formi námskeiða eða fræðslu minnst tvisvar á ári. Sjá kafla um símenntun starfsmanna.

<p>Starfsfólk komi með hugmyndir í starfi og fá rými til að framkvæma þær</p>	<p>Umræður á deildarstjórafundum um að deildarstjórar gefi starfsmönnum tækifæri til að koma með hugmyndir í starfi og fá rými til að framkvæma þær.</p> <p>Skráningar</p>	<p>Allir starfsmenn skólans.</p>	<p>Starfsmenn voru hvattir til að koma með hugmyndir í starfinu með börnunum og framkvæma þær. Það var helst í listasmiðju sem starfsfólkið kom með hugmyndir um slíka vinnu. Það hafði samt í för með sér að stundum vildu starfsmenn stjórna vinnu barnanna of mikið svo verkefnið voru meira eftir starfsmennina en börnin. Starfsmenn fengu þá stuðning og leiðbeiningar frá deildarstjóra um það hvernig væri hægt að vinna verkin með börnunum. Starfsmenn komu líka með hugmyndir með hvíldar og kaffitíma sem var að sjálfsgöðu reynt að koma til móts við eftir bestu getu. Misjafnt var hvort deildarstjórar gátu gefið tækifæri til að framkvæma hugmyndir starfsmanna.</p>
<p>Að starfsfólk efli sig í starfi með börnunum hvað varðar virka hlustun, virðingu, hvernig talað er við börnin, hvernig þeim eru sett mörk og starfsfólk sé meðvitað um tónhæð sína og raddblæ í samskiptum við börnin</p>	<p>Umræður á deildar- og deildarstjórafundum</p> <p>Skráningar</p>	<p>Skólalastjórar</p>	<p>Á skipulagsdegi í ágúst 2023 voru leikskólalastjórar með fræðslu og upprifjun fyrir starfsfólk um kenningar Beritar Bae sem er einn af þeim fræðimönnum sem stefna leikskólans er byggð á. Kenningar hennar byggja á samspili fullorðinna og barna í leikskólanum og hvernig samskipti þessara aðila hafi áhrif á þroska barna.</p> <p>Það er gaman að segja frá því að margir starfsmenn fóru að skoða samskipti sín við börnin betur og fóru að sýna börnunum aukna virðingu og skilning sem gerði það að verkum að virðing barnanna fyrir starfsmönnum jókst. Börnin fóru betur eftir fyrirmælum og var það áberandi á Töfrasteini, elstu deild skólans. Börnin nutu sín á allan hátt betur í starfinu og meiri ró skapaðist í leik barnanna á deildinni.</p> <p>Margir starfsmenn vönduðu sig við að nota milda rödd í samskiptum við börnin.</p>
<p>Að starfsmenn efli sig í að sýna ábyrgð og sjálfstæði í starfi og fari í sjálfskoðun hvað varðar þroskamöguleika þeirra í starfinu</p>	<p>Umræður á deildar- og deildarstjórafundum</p> <p>Skráningar</p>	<p>Allir starfsmenn skólans.</p>	<p>Á skipulagsdegi í ágúst 2023 var farið yfir hlutverk allra starfsmanna í leikskólanum og þá ábyrgð sem hvílir á starfsmönnum gagnvart foreldrum barnanna og börnunum sem stunda nám í skólanum.</p> <p>Misjafnlega gekk fyrir starfsmenn að taka ábyrgð í starfi þegar deildarstjóri var ekki við. Þetta hefur oft reynst mjög erfitt en á síðastliðnu skólaári var eins og sumum starfsmönnum hlypi kapp í kinn og það fór að sýna ábyrgð. Allir þurftu samt að vinna saman og ræða málin þegar teknar voru ákvarðanir. Einn starfsmaður tók heldur betur til sinna ráða og ætlaði að taka allar ákvarðanir sjálfur bæði á sinni deild og helst á öðrum deildum líka. Þetta olli því að aðrir starfsmenn urðu óöruggir og fundu fyrir vanlíðan og minnimáttarkennd. Margir deildarfundir voru haldnir þar sem starfsmenn</p>

			fengu tækifæri til að ræða málin og reyndu að finna lausnir. Þetta hafðist allt að lokum eftir marga fundi.
--	--	--	---

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Ytra mat skólastarfsins fór fram árið 2022-2023	Foreldrakönnun Reykjavíkurborgar	Allir foreldrar skólans tóku þátt í könnuninni	Í starfsáætlun síðasta skólaárs þ.e. 2022-2023 koma fram niðurstöður könnunarinnar. Ytra mat fer fram annað hvert skólaár.

Umbótaáætlun leikskólans Vinaminnis 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR /MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Stjórnendur sem faglegir leiðtogar	<p>Að leikskólastjórar og deildarstjórar séu fyrirmyndir og faglegir leiðtogar í starfi skólans. Leikskólastjórar og deildarstjórar skipuleggja starf skólans í heild og deildarstjórar skipuleggja starf sinnar deildar með starfsmönnum deildanna. Deildarstjórar leiðbeina starfsfólki sinnar deildar á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og muna eftir hrósi.</p> <p>Deildarstjórar sjá til þess að starfið með börnunum sé kærleiksríkt, áhugavert, fjölbreytt og þroskandi fyrir börnin og að foreldrasamstarf sé til fyrirmyndar.</p> <p>Leikskólastjórar veiti góða upplýsingagjöf til deildarstjóra og sýni sanngirni en einnig festu í rekstri skólans.</p>	<p>Leikskólastjórar veita deildarstjórum stuðning og aðstoð eftir því sem óskað er og þörf er á.</p> <p>Deildarstjórafundir verða haldnir á tveggja vikna fresti þar sem deildarstjórar allra deilda og leikskólastjórar ræða saman um starfið í skólanum og umbætur þar um.</p> <p>Deildarstjórar séu tilbúnir til að ígrunda hugmyndir starfsmanna og styðji starfsmenn í að framkvæma þær sé þess kostur.</p> <p>Deildarstjórar þurfa að vera duglegir að koma upplýsingagjöf til starfsmanna deildanna, leikskólastjóranna og foreldra þegar þarf.</p> <p>Skráningar</p>	Leik skóla stjórar og deildarstjórar	6. ágúst 2024	30. júní 2025	<p>Með umræðum á deildafundum og deildarstjórafundum er starfið metið og gerðar umbætur jafnóðum.</p> <p>Lokaendurmat og umbótaáætlun í maí 2025</p> <p>Skráningar</p>	<p>Leikskólastjórar verði áfram sýnilegir í starfinu í skólanum og styðja við deildarstjóra og starfsfólk með einstök mál sem upp koma. Einnig þurfa leikskólastjórar að sjá til þess að upplýsingaflæði til deildarstjóra sé fullnægjandi svo öll skilaboð komist til skila á réttan hátt.</p> <p>Efla áhuga og vitund starfsfólks á starfinu með börnunum og auka þannig gæði náms og starfs.</p> <p>Skólastjórar og deildarstjórar séu fyrirmyndir fyrir aðra starfsmenn og kenni starfsmönnum fagleg vinnubrögð. Að börnin fái fjölbreytt viðfangsefni sem stuðli að auknum alhliða þroska. Að börnin hafi um það að segja hvaða viðfangsefni þau vinna með.</p>

<p>Faglegt samstarf</p> <p>Mannauður og leikskólabragur</p>	<p>Að fagleg og lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarf allra starfsmanna leikskólans. Að fagfólk skólans séu fyrirmyndir í samskiptum við alla aðila skólasamfélagsins</p> <p>Deildarstjórar þurfa að veita starfsmönnum meiri ábyrgð og hrós í starfi svo þeir öðlist meira öryggi og sjálfstraust. Starfsmenn þurfa að upplifa að þeir séu að gera vel og séu mikilvægir fyrir skólastarfið. Starfsmenn eru mikilvægasta aflið í skólanum og því þarf að hlúa vel að þeim og gefa þeim verk efni með börnunum sem þeim finnast áhugaverð og sem þroskar þau áfram í starfinu.</p>	<p>Umræður á starfsmanna-, deildar- og fagfundum um lýðræðislegt samstarf í leikskólanum jákvæð gagnrýni og sjálfsgagnrýni. Gefa og þiggja endurgjöf til að þroskast í starfi.</p> <p>Mikilvægt er að hafa opin og glaðleg samskipti starfsmanna á milli yfir daginn. Deildarfundir verða haldnir einu sinni í mánuði og oftast ef þurfa þykir eða ef starfsmenn eða deildarstjórar óska eftir fundi. Á deildarfundum þurfa að vera opin og jákvæð tjáskipti og skoðanaskipti um starfið.</p> <p>Skráningar</p>	<p>Leikskóla- stjórar og deildar- stjórar</p>	<p>6. ágúst 2024</p>	<p>30. júní 2025</p>	<p>Umræður á deildar og fagfundum, í starfsþróunar-samtölum og í foreldra- viðtölum.</p> <p>Skráningar</p>	<p>Lýðræðislegar áherslur verði skýrar í starfi skólans.</p> <p>Mikilvægt er að fagaðilar skólans vinni vel saman, hlusti hver á annan og allir hafi áheyrn. Virðing starfsmanna á milli, er forsenda þess að lýðræðislegt og faglegt samstarf eigi sér stað í skólanum.</p> <p>Starfsmenn leysi ágreiningsmál strax sín á milli svo ólund og leiði náí ekki að krauma í starfsmannahópnum, það veldur óánægju og óöryggi hjá starfsmönnum sem yfirfærast á börnin. Virðing, velvild og hjálpssemi starfsmanna á milli þarf að vera til staðar í starfinu þannig næst notalegt andrúmsloft á vinnustaðnum.</p>
---	---	---	---	----------------------	----------------------	--	--

Skólanámskrá	Skólanámskrá leikskólans verður endurgerð á haustönn skólaárið 2024	Allir starfsmenn leikskólans koma að endurgerð námskrárinnar. Umræður á deildar- og fagfundum um það hvað þarf að koma nýtt inn í námskrána og hvað má fara út Skráningar	Leikskólastjórar	6. ágúst 2024	31. des. 2024	Foreldrar í foreldrafélagi skólans gefa nýrri námskrá umsögn. Skráningar	Í endurgerðri skólanámskrá koma fram þær áherslur í skólastarfi leikskólans sem unnið verður eftir í starfinu með börnunum næstu 5 árin og þær gagnreyndu aðferðir sem unnið er með í samskiptum við börn og starfsfólk.
Uppeldis- og menntastarf							
Málproski barnanna efldur	Að efla málþroska barnanna.	Flæðilestur, sagnalestur, söngur, TMT Lubbi finnur málbein, spil, og annað. Skráningar				Umræður á deildarfundum. Niðurstöður úr málþroska-skimunum. EF12 og HLJÓM2 Samtöl við foreldra. Skráningar	Að öll börn leikskólans öðlist aldurssvarandi færni í íslensku máli. Starfsmenn skólans noti gagnvirkar aðferðir til að efla málþroska barnanna.
Umgengni í leikskólanum	Að starfsfólk tileinki sér góða umgengni í öllum leikskólanum og séu góðar fyrirmyndir fyrir börnin og aðra starfsmenn skólans. Gangi vel um eigur skólans og barnanna s.s. leikföng, líti, húsgögn, fatnað o.fl. Starfsmenn hjálpi börnunum að ganga frá eftir leik eða þegar þau koma inn eftir útiveru. Setja hluti á rétta	Allir starfsmenn skólans hjálpast að við að hafa snyrtilegt í skólanum. Hver deild ber ábyrgð á að ákveðin svæði skólans séu hrein og vel gengið frá þar. Það er leyfilegt að minna hvert annað á ef illa fer, en hafa ber í huga að segja hlutina á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og jafnvel bjóðast til að hjálpa	Allir starfsmenn.	6. ágúst 2024	30. Júní 2025	Umræður á starfsmanna- og deildarfundum og umræður við börnin. Skráningar	Að allir leggist á eitt við að hafa leikskólann snyrtilegan og fallegan. Sjá til þess að ásýnd skólans sé falleg og snyrtileg svo gott sé að koma inn í leikskólann og börn, foreldrar, gestir og gangandi finni þá hlýju og velvild sem einkennir skólann. Snyrtilegt umhverfi stuðlar að betri líðan barna, foreldra og starfsmanna.

	staði eftir notkun og ganga snyrtilega frá eftir matmálstíma.	viðkomandi við tiltekt á því svæði. Mikilvægur þáttur í umgengni er að hjálpa og kenna börnunum að ganga snyrtilega frá að leik loknum og setja leikföng og leikefni á sinn stað Kenna börnunum að ganga frá útifötum í fatahólf sín og raða skófatnaði snyrtilega. Skráningar					
Farsæld barna	Að öll börn eigi sama rétt til að lifa farsælu lífi.	Að stjórnendur skólans kynni sér ferlið vel á skólaárinu og geti byrjað að vinna að því.					Að stjórnendur skólans nái að læra inn á kerfið sem tengist „farsæld barna“.

3 Innra mat deilda

Álfasteinn – Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Málþroski barnanna efldur.	Umræður starfsmanna á deildarfundum um máltöku barnanna og umræður við foreldra í foreldraviðtölum Skráningar	Starfsmenn deildarinnar og foreldrar barnanna á Álfasteini	Á Álfasteini voru samverustundir á hverjum morgni. Börnunum var skipt í tvo hópa annar hópurinn var í innri stofu og hinn í fremri stofu. Starfsmenn sem tala góða íslensku lásu og sungu fyrir börnin í sitt hvorum hópnum. Það var líka lesið fyrir börnin í ávaxtastund. Á Álfasteini voru alltaf bækur sýnilegar fyrir börnin svo þau gátu náð í bók þegar þau vildu.

TMT og ritmál sýnilegt á deildinni	Umræður á deildar- og starfsmannafundum Skráningar	Allir starfsmenn deildarinnar.	TMT eða tákn með tali hefur verið notað á Álfasteini undanfarin ár en mismikið þó. Það var ekki byrjað að nota TMT fyrr en eftir áramót síðastliðið skólaár. Deildarstjórinn leiðbeindi starfsmönnum deildarinnar hvernig á að nota TMT. Myndir af táknum og orðinu sem notuð voru hverju sinni voru hengd upp á vegg á deildinni, þannig gátu börnin og starfsmenn rifjað upp táknið. Þegar börnin höfðu lært táknið gátu þau notað táknið til að gera sig skiljanleg t.d. ef þau voru að biðja um eitthvað sem þau vilja fá eða bara til að fá starfsmanninn til að segja orðið sem táknið þýðir.
Líkamsvitund barnanna efld. (Hópavinna)	Umræður starfsmanna deildarinnar á deildarfundum. Skráningar	Allir starfsmenn deildarinnar	Á Álfasteini var unnið með líkamsvitund barnanna. Rætt var um hvað líkamshlutarnir heita s.s. höfuð, hendur, fætur o.s.frv. Börnin skoðuðu sig í spegli, og unnu verkefni út frá því s.s. stimpla hendur og fætur, sungnar voru vísur sem tengjast líkamanum og skoðaðar bækur um líkamann. Þessi vinna gekk vel og mörg barnanna fóru að þekkja nokkra líkamshluta sína.
Stöðvavinna	Umræður á deildarfundum Skráningar	Allir starfsmenn deildarinnar	Stöðvavinnu á Álfasteini gekk nokkuð vel. Börnunum var skipt í fjóra fjögurra barna hópa, einn starfsmaður var með hverjum hópi og fylgir honum í gegnum allar stöðvarnar. Börnin voru á hverri stöð í ca. 7 mínútur í upphafi en smá saman lengist tíminn örlítið á hverri stöð. Viðfangsefnið sem voru á stöðvunum voru fjölbreytt og náðu til flestra þroskaþátta barnanna má þar t.d. nefna hreyfifærni, einbeitingu, fínhreyfingar og málþroska. Viðfangsefnið á stöðvunum voru t.d. einingakubbar, boltar, spil, bækur, stórir legókubbar, dúkkur og matarstell, litir og blöð, púsluspil, leir o.s.frv. Einingakubbarnir voru skemmtileg viðbót við leikefnið inni á Álfasteini.
Útivera	Umræður á deildarfundum. Skráningar	Allir starfsmenn deildarinnar	Útiveran á Álfasteini var ekki mikil á haustdögum m.a. vegna þess að í aðlöguninni er betra að leyfa börnunum að vera á deildinni sinni. Útiveran fór eftir veðri og vindum, oft var nokkur tími sem börnin gátu ekki farið út vegna veðurs. Góðir dagar voru samt gripnir og börnin nutu þá útiverunnar. Það var svo á vordögum sem útivera barnanna varð miklu meiri og yfir sumartímamann var farið út daglega.

Matmálistímar.	Umræður á deildarfundum Skráningar	Allir starfsmenn deildarinnar.	Starfsmenn á Álfasteini þurftu að gæta þess að matmálistímarnir væru rólegar og notalegar stundir svo börnin fengju nægan tíma til að matast. Börnin þurftu að æfa sig að nota skeið og gaffal til að borða með. Starfsmenn ræddu við börnin í matartímanum um hvað er í matinn hvaða matartegundir eru á borðum og höfðu orð á hlutum og athöfnum. Starfsmenn deildarinnar sátu með börnunum við matarborðin og borðuðu með þeim. Þessar stundir eiga að vera gæðastundir og enginn þarf að flýta sér, aðeins njóta. Um miðjan vetur var bætt við borði á Álfastein.
Umönnun og daglegar venjur	Umræður á deildarfundum og í starfinu með börnunum um daglegar venjur. Skráningar	Allir starfsmenn deildarinnar.	Umönnun og daglegar venjur gengu vel á Álfasteini, starfsmenn eru mjög meðvitaðir um að börnin þurfa að hafa stuðning hinna fullorðnu í leiknum, kærleika og faðmlag alla daga. Starfsmenn sátu með börnunum í leik, kenndu þeim og hjálpuðu þeim í samskiptum við önnur börn t.d. þegar þurfti að miðla leikföngum eins og t.d. að lána, fá lánað, bíða aðeins meðan annað barn var með dótið eða fá annað eins dót, skiptast á o.s.frv. Þannig studdu starfsmenn börnin í því að eiga samskipti við vini sína á deildinni. Andrúmsloftið á deildinni var afslappað og notalegt og börnum og foreldrum þeirra leið vel. Börnunum var kennt hreinlæti eftir bleyjuskipti og þvoðu hendur. Eftir áramót eða þegar hvert og eitt barn var tilbúið og í samvinnu við foreldra barnanna var þeim boðið að fara á kopp, sumum fannst það spennandi en önnur voru ekki tilbúin að prófa strax. Hvíldin gekk vel en öll börn á Álfasteini lögðu sig eftir hádegisverðinn. Það er líka gaman að segja frá því að óvenjulega lítill grátur var á deildinni því þetta eru lítil börn og oft þarf lítið til að barn bresti í grát. Starfsmenn eiga hrós skilið.
Mannauður			
Starfsfólk efli sig í starfi með börnunum.	Umræður á deildarfundum. Skráningar	Allir starfsmenn deildarinnar.	Starfsmenn á Álfasteini voru duglegir að efli sig í starfinu með börnunum. Allir sátu alltaf í leik með þeim og töluðu við þau. Starfsmenn voru vakandi yfir þörfum og löngunum barnanna, þeir sýndu börnunum kærleika og jákvætt andrúmsloft einkennandi starfið á deildinni. Starfsmenn voru góðar fyrirmyndir fyrir börnin, virðing, rólegheit og jákvæðni einkennandi dagleg störf og vellíðan barnanna var í fyrirrúmi.

Álfasteinn - Umbótaáætlun

MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Líkamsvitund barnanna efld. Þemavinna , unnið er með einn flokk í einu	Að börnin þekki heiti líkamshluta sinna. Aðrir flokkar: Litir, fatnaður faratæki o.s.frv.	Ræða við börnin um líkamann og benda á líkamshlutana og nefna heiti þeirra, skoða og lesa bækur, skoða sig í spegli, syngja söngva og skoða myndir sem tengjast efninu. Hafa myndir af fólki sýnilegar á deildinni fyrir börnin. Svipuð vinna með aðra flokka. Skráningar	Deildarstjóri	7. ágúst 2024	30. Júní 2025	Umræður á deildarfundum yfir skólaárið. Skráningar	Að börnin eflist í líkamsvitund sinni og læri að þekkja líkamshluta sína. Litirnir Fatnaður Faratæki o.s.frv.
Matartímar	Að gefa börnunum góðan tíma til að borða svo að þau fái að njóta matarins og matartímans.	Að starfsmenn vinni saman að því að matmálstímar séu notaleg og róleg stund. Að starfsmenn gefi sér tíma til að ræða við börnin og segja þeim hvaða matartegundir eru á diskunum þeirra. Starfsmenn sitji til borðs og borði með börnunum. Gefa börnunum tækifæri til að smakka allar tegundir matarins svo fremi sem þau eru ekki með ofnæmi. Hlusta á þau og sjá til þess að allir verði saddir og sælir. Skráningar	Allir starfsmenn deildarinnar	8. ágúst 2024	30. Júní 2025	Á deildarfundum og deildarstjórafundum. Skráningar	Að börnin finni notalega stund í matartímum og þau fái að njóta matarins vel. Notalegar umræður við börnin eigi sér stað í matartímum. Börnin hvött til að smakka á öllum tegundum matarins þó svo það sé ekki allt borðað. Með umræðum við matarborðið læra börnin smátt og smátt hvaða matartegundir eru á borðinu t.d. kartöflur, fiskur, sósa, gúrka, tómatur, paprika, og læra síðan hvað þau vilja.

Umönnun og daglegar venjur	<p>Að starfsmenn gefi börnunum góðan tíma í daglegar venjur eins og skipta um bleyjur, fara á koppinn, þvo hendur og læra þannig grunnþætti hreinlætis. Einnig að starfsmenn sýni börnunum kærleika, hlýju og jákvæðni í leik og starfi dag hvern.</p>	<p>Að allir starfsmenn vinni að því að börnunum líði vel í skólanum sínum allan daginn. Sýna börnunum, kærleika, hlýju, gleði og jákvæðni. Gefa börnunum jákvæð fyrirmæli segja þeim hvað þau mega gera í stað þess hvað þau mega ekki gera.</p> <p>Skráningar.</p>	<p>Allir starfsmenn deildarinnar</p>	<p>8. ágúst 2024</p>	<p>30. Júní 2025</p>	<p>Umræður á deildarfundum hvernig gengur, rólegheit, er nægur tími, eru börnin sátt við að fara á koppinn, hvernig viljum við vinna betur með þeim í þessum stundum, hvað gengur vel.</p> <p>Skráningar.</p>	<p>Að börnin venjist strax á að fara á kopp og gleðjast með þeim þegar eitthvað kemur í koppinn, kenna börnunum að þvo hendur fyrir máltíðir svo þau læri hreinlæti og geti borðað með guðsgöfflum meðan þau eru að ná tókum á hnífapörum. Gefa góðan tíma í þessa þætti starfsins.</p>
-----------------------------------	--	---	--------------------------------------	----------------------	----------------------	---	---

Dvergasteinn - Endurmat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Málörvun	Umræður á deildarfundum. Skráningar.	Allir starfsmenn.	Unnið var í hópavinnu á haustönn þar sem málörvun var unnin í litlum hópum. Börnin voru 4-5 í hóp og fengu þannig nánari kennslu frá starfsmanni. Eftir áramót hófst stöðvavinna og hópavinna. Í stöðvavinnu var ýmist lesið, spilað, notast var við rím, þulur og orð sett á allar athafnir. Í hópastarfinu fengu börnin kennslu í boðskiptum með hjálp bókarinnar <i>Bína bálreiða</i> , farið var yfir grunnlitina, þeim kennt að telja upp að 10 og dýrin og dýrahljóðin ígrunduð. Hópavinnan flosnaði upp sökum starfsmannabreytinga og var þá kennslufnið fært í stöðvavinnu þar sem haldið var áfram með viðfangsefnið.
Félagsfærni	Umræður á deildarfundum. Skráningar.	Allir starfsmenn og foreldrar.	Stefnt var að því að innleiða hugmyndafræðina Blær. Því miður varð ekkert úr því að Blær kæmi í skólann. Hins vegar var notast við bókina <i>Bína bálreiða</i> að hluta til eftir áramót þar sem boðskiptin voru kynnt fyrir börnunum. Að hlusta, sitja, skiptast á, fá lánað, lána og muna. Þetta var einnig innleitt í samverustundum þar sem allir þessir þættir voru ræddir og efldir.
Sjálfs hjálp og sjálfstæði	Umræður á deildarfundum. Skráningar.	Allir starfsmenn.	Sjálfs hjálp barnanna var efld þar sem þeim var leiðbeint og gefin ráð til að geta klætt sig sjálf. Voru þeim gefin ýmis ráð til að einfalda þeim þessa færni. Snjógallar voru lagðir á gólfið og þeim kennt að setjast ofan í gallann. Þau fengu fyrir mæli um að sækja ýmsan fatnað og rétta starfsmanni. Þau efld í að ganga frá eftir sig eftir útiveru og inn á deild. Sjálfstæði barnanna var einnig efld. Eftir áramót byrjuðu þau í vali. Valið snýst um að efla sjálfstæði þeirra, gefa börnunum tækifæri til að velja sjálf og hafa áhrif á hvaða viðfangsefni eru notuð í starfinu. Þetta gekk mjög vel og börnin voru fljót að læra inn á það til hvers var ætlast af þeim.
Umhverfi og efniviður deildarinnar	Umræður á deildarfundum. Skráningar.	Allir starfsmenn.	Skipulag deildarinnar hefur breyst jafnt og þétt yfir árið og aðlagast þörfum barnanna hverju sinni. Leikefnið hefur verið yfirfarið nokkrum sinnum til að mæta kröfum barnanna eftir því sem þau eldast og þroskast.

			Deildinni var breytt á vorönn, bætt var við einu borði á deildina, hillur færðar til og leikefni aukið.
Starfsmenn efli sig í starfinu með börnunum	Umræður á deildarfundum og deildarstjórafundum. Skráningar.	Allir starfsmenn.	<p>Á Dvergasteini byrjaði aðlögun nýrra barna af krafti. Aðlögun nýju barnanna dróst fram eftir hausti og kom leikskólastjóri þar inn til að aðstoða. Starfsmenn voru ekki samtaka með dagskipulagið á deildinni og komu upp árekstrar milli starfsmanna t.d. um það hvernig dagurinn ætti að vera, samt sem áður var deildarstjóri búinn að útfæra stundaskrá fyrir deildina en það dugði ekki til. Það fór því svo að deildarstjórinn var færður til í starfi og nýr deildarstjóri tók við deildinni.</p> <p>Deildarfundir voru haldnir ítrekað til að reyna að ná góðu samstarfi á deildinni, það gekk í nokkra daga í einu en svo fór allt í sama far aftur. Einn starfsmaðurinn á deildinni hætti störfum á miðri vorönninni og samskipti deildarinnar tóku stakkaskiptum til hins betra. Góð samskipti ríkja á deildinni og almenn ánægja starfsmanna.</p>

Dvergasteinn UMBÓTAPÁTTUR/	Tækifæri til umbóta	Aðgerð til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Félagsfærni og samskipti	Styðja við og efla félagsfærni barnanna.	Samskipti, samræður, leikir. Að starfsmenn hjálpi hverju barni í samskiptum við önnur börn í leik og tali. Skráningar.	Deildarstjóri. Allir starfsmenn taka þátt í framkvæmd.	Sept. 2024	Júní 2025	Deildarfundir og skráningar.	Að börnin læri að hafa samskipti sín á milli, þau læri að skiptast á með dótið, bíða, fá lánað, lána o.s.frv. og geti farið að nota málið og orðin sín í samskiptum við aðra. Að börnin geti tjáð langanir tilfinningar og væntingar sínar.
Sjálfs hjálp og sjálfstæði	Efla sjálfstæð vinnubrögð og sjálfs hjálp.	Börnin velja hvað þau leika sér með. Valið er sett upp myndrænt til að auka skilning þeirra á því hvað þau eru að velja hverju sinni. Val er sett upp einu sinni í viku. Hafa samval með völusteini 1x í viku eftir áramót þar sem hugmyndin er sú sama en úrvalið verður meira og þau fá stærra rými til að leika á Hvetja börnin til frekari sjálfs hjálpar t.d. að klæða sig sjálf eftir getu og ganga frá eftir sig. Skráningar	Deildarstjóri. Allir starfsmenn taka þátt í framkvæmd.	Sept 2024	Júní 2025	Deildarfundir. Skráning.	Að börnin öðlist frumkvæði í leik og að velja sér leikefni eftir áhuga. Að börnin geti bjargað sér sjálf eftir bestu getu í fataklefa og gengið frá eftir sig. Samval er til að eldri börnin á Dvergasteini fái að einhverju leyti samskonar starf og börn á sama aldri á Völusteini.

Umhverfi og efniviður	Skipuleggja umhverfi og efnivið þannig að það stuðli að frekari námi og leik	Halda áfram að aðlaga umhverfið að barnahópnum. Hafa efnivið í hæfilegu magni, aðgengilegan og sýnilegan börnunum. Skráningar.	Deildarstjóri. Allir starfsmenn. taka þátt í framkvæmd.	Sept. 2024	Júní 2025	Deildarfundir, skráningar, góð og opin samskipti á milli starfsfólks. Skráningar	Að umhverfi styðji við leik og sé örvandi í námi.
------------------------------	--	--	---	------------	-----------	--	---

Völusteinn – Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<p>Málproski barnanna: sögulestur, söngur, vinna með “Lubbi finnur málbein”, TMT</p> <p>Að börnin fái tækifæri til að segja frá bæði eigin upplifunum, úr sögum og segja frá myndum.</p>	<p>Umræður skólastjóra og starfsmanna deildarinnar.</p> <p>Skráningar</p>	<p>Skólastjórar og starfsmenn deildarinnar þar sem deildarstjóri fór í veikindaleyfi.</p>	<p>Sagnalestur og söngur hafa átt sinn sess í dagsskipulagi deildarinnar. Það hefur verið lesið og sungið daglega, í stöðvavinnu tvisvar til þrisvar í viku var unnið með <i>Lubbi finnur málbein</i> og önnur málörvunarviðfangsefni eins og að vinna með myndir sem börnin skiptast á um að segja hvað er á myndunum. Málhljóðin hans Lubba hafa verið tekin fyrir í fámennari barnahópum. Einnig voru málhljóðin æfð með öllum börnunum í samverustundum um leið og tilkynnt var um umsjónarmann dagsins. Umsjónarmaður dagsins fer með einum starfsmanni að ná í matarvagninn í hádeginu, hjálpar til við að leggja á borð og bíður börnunum að gera svo vel að fara að borða. Börnin læra að setja diska, hnífa, gaffla og glös á borðin ásamt matnum sem hefur óteljandi nöfn. Á vordögum voru börnin að æfa sig í að tala saman í samverustundum. Þau æfðu sig í að rétta hljóðlega upp hönd ef þau vildu segja börnunum eitthvað, börnunum fannst mjög gaman að þessu og eru farin að hlusta vel hvert á annað.</p> <p>Börnin á Völusteini hafa sýnt miklar framfarir í málskilningi og tjáningu á skólaárinu. Það hefur að einhverju leyti verið unnið markvisst með TMT á deildinni en þó minna en við hefðum viljað. Vegna starfsmannabreytinga á deildinni breyttust líka áherslurnar aðeins eftir tímabilum og því komu áherslur á TMT í köflum. Þó var alltaf eitthvað unnið með TMT, þá helst í samverustundum og örfáu sinnum í hópastarfi eða stöðvavinnu. Í alstund á morgunana eru notuð tákn með vikudögum og í hádeginu notum við einnig tákn þegar við syngjum matarlagið og áður en við syngjum æfum við tákn fyrir matinn sem á við hverju sinni. Það kemur fyrir að starfsmenn þekki ekki</p>

			táknin. Svo þegar við lærum ný lög og tölum um textann notum við þau tákn sem við þekkjum eða búum til ný tákn með börnunum.
Efla börnin í talnaskilning og þekkingu þeirra á litum og efla fínhyringar þeirra	Leikskólastjórar og starfsmenn deildarinnar. Skráningar	Starfsmenn deildarinnar og vegna manna-breytinga á deildinni og veikinda deildarstjóra einnig leikskólastjórar.	<p>Á Völusteini hefur verið unnið mikið með litina og fínhyringar. Börnunum hefur farið mikið fram í einbeitingarviðfangsefnum og eru orðin flinkari í að nota litla pinna, þræða, klippa, líma, perla, púsla, kubba með litlum kubbum, lita o.fl. Eftir áramót höfum við mikið verið að spila alls kyns spil með börnunum bæði í stöðvavinnu og í frjálsum leik og snúast mörg þessara spila um litina. Við höfum séð miklar framfarir hjá börnunum hvað varðar liti. Einnig hafa starfsmenn verið hvattir til að spjalla um litina og viðfangsefnið í öllum leikjum með börnum til að bæta málþroska þeirra.</p> <p>Lítið hefur verið unnið með talnaskilning á Völusteini. Það átti að fara af stað meiri talnavinna eftir áramót, hengd upp talnaspjöld í leshæð barna, þau sýndu þessu mikinn áhuga í upphafi en það tókst ekki að halda markvissri vinnu áfram. Í nokkrar vikur eftir áramót æfðu bæði börn og starfsfólk sig í að telja upphátt í samverustundum en það hefur sömuleiðis dottið upp fyrir.</p>
Að börnin séu þátttakendur í að ákveða viðfangsefni skipulagðra stunda og í frjálsum leik	Leikskólastjórar og starfsmenn deildarinnar Skráningar	Starfsmenn deildarinnar og vegna manna-breytinga á deildinni og veikinda deildarstjóra einnig leikskólastjórar.	<p>Á Völusteini var ekki sú staðfesta í starfsmannahaldi deildarinnar eins og æskilegt hefði verið. Afleysingafólk þurfti að koma oft inn á deildina svo það var sjaldan að börnin fengju að hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda og eins féll valstund oft niður. Nokkrum sinnum var töfluval fyrir hádegi en þá kom eitt barn í einu upp að töflu sem á voru upplýsingar um hvað var hægt að gera og þau völdu sér viðgangsefni. Hins vegar var viðfangsefnið í frjálsum leik mjög oft valið í samtali við börnin, þetta var oft á meðan morgunmaturlund var að klárast, þegar beðið var eftir að komast fram til að klæða sig í útifötin, eftir hvíld, á meðan börnunum var boðið á snyrtingu og í lok dags.</p>
Félagsfærni	Leikskólastjórar og starfsmenn deildarinnar. Skráningar.	Starfsmenn deildarinnar og vegna manna-breytinga á deildinni og veikinda deildarstjóra einnig leikskólastjórar.	<p>Félagsfærni barna eflist í hópi annarra barna. Það að hafa önnur börn til að leika við og eignast vini er besta æfingin í félagsþroskanum. Börnum sem hafa átt erfitt með að komast inn í leik með öðrum börnum hefur verið hjálpað. Ágreiningur kom reglulega upp hjá börnunum t.d. hvað varðar að skiptast á. Einnig ef einhver ýtir í annað barn þá er ýtt á móti. Börnin eru að læra hvernig hægt er að bregðast betur við í þessum aðstæðum og nota orðin sín í staðin fyrir að ýta og meiða.</p> <p>Á deildarfundum var alltaf rætt um það hvaða börn þyrftu helst aðstoð að halda við að komast inn í leik með hinum börnunum og eignast vini. Starfsmenn deildarinnar hafa fylgt því mjög vel eftir inni á deildinni.</p>

			Nú síðustu mánuði fyrir sumarfrí eiga öll börn á deildinni augljósa vini og eru þátttakendur með öðrum í leik.
Umhverfi og efniviður	Leikskólastjórar og starfsmenn deildarinnar.	Starfsmenn deildarinnar og vegna manna-breytinga á deildinni og veikinda deildarstjóra einnig leikskólastjóra.	Í byrjun skólaárs var Völusteinn endurskipulagður. Innréttingum og borðum skipt út og hirslur færðar til svo það hentaði starfinu betur og aldri barnanna. Leikefni var endurskoðað og því skipt út eftir þörfum. Þegar deildarstjórinn fór í veikindaleyfi var starfsfólk óöruggt í starfinu og þar af leiðandi urðu börnin einnig óróleg á deildinni. Leikskólastjóri kom inn á deildina og hjálpaði starfsmönnum að finna öryggi og hjálpaði þeim að skipuleggja hvernig þeir gætu unnið að starfinu með börnunum þannig að öllum liði vel. Komið var inn með eitt borð og stóla og meira leikefni fyrir börnin svo starfsmenn gætu veitt börnunum meiri fjölbreytni í starfinu. Næsta skólaár er gott að skipuleggja leikefni/leikföng deildarinnar þannig að hvert leikefni/leikföng eigi sinn ákveðna stað á deildinni svo börn og fullorðnir eigi auðveldara með að ganga að því vísu. Einnig þarf að kenna börnunum að ganga vel frá leikmunum eftir leik.
Að starfsmenn efli sig í starfinu með börnum og að starfsfólk verði öruggara í starfi og meðvitað um hvaða þroska er verið að ná fram.	Leikskólastjórar og starfsmenn deildarinnar.	Starfsmenn deildarinnar og vegna manna-breytinga á deildinni og veikinda deildarstjóra einnig leikskólastjóra.	Á Völusteini voru starfsmenn mjög vel meðvitaðir um mikilvægi þess að vera til staðar fyrir börnin og taka þátt í leik. Eins og fram hefur komið urðu starfsmenn deildarinnar óöruggir þegar deildarstjóri fór í veikindaleyfi og afleysingarfólk kom inn á deildina. Þetta óöryggi kom út í alls kyns óánægju og leiða. Leikskólastjóri kom þá inn á deildina og hjálpaði starfsmönnum að ná aftur áttum og vinna sig út úr óörygginu Starfsmenn fóru þá að sýna frumkvæði, þeir fóru að tala saman um starfið og framkvæmd þess og þannig endurheimtu börn og starfsmenn öryggi sitt.

Völusteinn - Umbótaáætlun

UMBÓTAÞÁTTU	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið Aðferðir	Viðmið um árangur
Matmálstímar	Samræma borðsiði og sporna við matarsóun	Kenna börnunum almenna borðsiði eins og að nota hníf og gaffal sitja kyrr við matarborðið meðan allir á borðinu eru að borða. Að börnin læri að skammta sér passlega mikið svo þau geti klárað matinn af diskinum sínum. Kenna börnunum að það er betra að fá sér aftur á diskinn en að skammta sér of mikið í einu og geta svo ekki klárað, þannig læra þau smátt og smátt magamál sitt. Sporna við matarsóun. Að hvetja börnin til að smakka nýjar matartegundir og grænmeti. Börnin æfi sig í snyrtimennsku, hafi matinn á diskinum sínum og gangi frá eftir sig í lok máltíðar og setjist aftur í sætið sitt. Skráningar.	Deildarstjóri	6. ágúst 2024	30. júní 2025	Umræður á deildafundum og deildarstjórafundum um hvernig gengur. Borðsiðir á Töfra- og Völusteini séu samræmdir og reglur þar að lútandi hafðar sýnilegar á deildum svo starfsmenn sjái þær og geti farið auðveldlega eftir þeim. Skráningar.	Að börnin læri almenna borðsiði. Að skapa ró og notalega stemningu á matmálstímum svo allir njóti matarins. Stuðla að snyrtimennsku og kurteisi barnanna og minnka matarsóun. Stuðla að öryggi hjá starfsmönnum hvaða borðsiðum á að fylgja eftir á matartímum. Hvetja börnin til að smakka allan mat.

<p>Samvinna milli deilda</p>	<p>Að samvinna ríki milli deilda sem eru með börn á sama aldri svo öll börn í sama árgangi fái samskonar starf.</p>	<p>Þegar aðlögun barna á milli deilda er lokið er samvinna deildanna mikilvæg. Hafa samvinnu milli deilda sem vinna með börnum á sama aldri t.d. í samvali milli Völusteins og Töfrasteins með börnum fæddum 2021 og í stöðvarvinnu milli Völusteins og Dvergasteins með börnum fæddum 2022</p> <p>Skráningar.</p>	<p>Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar</p>	<p>6. ágúst 2024</p>	<p>30. júní 2025</p>	<p>Á deildarfundum og deildarstjórafundum. Skráningar.</p>	<p>Það skiptir máli að öll börn í sama árgangi fái sömu tækifæri til leikja þannig fá þau meiri örvun í leik en annars. Börnin kynnst starfinu á eldri deildunum, starfsfólki og leikrými deildarinnar.</p>
<p>Samræma starfsaðferðir</p>	<p>Að starfsmenn tileinki sér gagnreyndar jákvæðar aðferðir í starfinu með börnunum. Í samskiptum við þau. Í leik, þegar þeim eru sett mörk og í daglegu starfi og athöfnum.</p>	<p>Að leikskólastjórar og deildarstjórar kynni gagnreyndar aðferðir fyrir starfsmönnum í samskiptum við börnin. Må þar nefna kenningar Beritar Bea um gagnvirkniskenninguna Þá er líka mikilvægt að starfsmenn hafi jákvæð samskipti við börnin þegar þeim eru sett mörk, tali fallega um börnin þegar þau heyra til og sýni börnunum jákvæðni og hlýju í hvívetna. Starfsmenn tileinki sér slík vinnubrögð.</p> <p>Skráningar.</p>	<p>Leikskólastjórar og deildarstjórar</p>	<p>6. ágúst 2024</p>	<p>30. júní 2025</p>	<p>Á deildarfundum og deildarstjórafundum Skráningar.</p>	<p>Þegar starfsmenn skilja og nota gagnreyndar aðferðir í samskiptum við börnin verða starfsmenn öruggari í starfinu, samstarf starfsmanna verður betra og starfið með börnunum verður jákvæðara og börnin ánægðari einstaklingar.</p>

<p>Val – er kerfi sem stuðlar að hinum frjálsa leik þar sem börnin ákveða sjálf hvað er í boði á leiksvæðunum og þau velja sér síðan leiksvæði og viðfangsefni.</p>	<p>Það að börnin velji sér viðfangsefni er hinn frjálsi leikur barnanna. Val verður í starfinu á Völusteini einu sinni til tvisvar í viku.</p>	<p>Valkerfið byggist á því að börnin skiptast á um að ákveða hvaða viðfangsefni eru á valsvæðunum. Þau setja svo nafnspjöldin sín á mynd af því leiksvæði og viðfangsefnum sem þau vilja leika með hverju sinni. Börnin þurfa að standa við val sitt og leika smá stund í því viðfangsefni sem þau völdu að leika með. Notaðir eru tímavakar til að börnin viti hvenær þau geta skipt um viðfangsefni ef þau vilja.</p> <p>Skráningar.</p>	<p>Deilda- stjóri og starfs- menn deildarinn ar</p>	<p>6. ágúst 2024</p>	<p>30. júní 2025</p>	<p>Umræður á deildarfundum og deildarstjórafundum.</p> <p>Skráningar.</p>	<p>Valkerfið efli sjálfstraust og sjálfstæði barnanna og styrkir þau í að taka sjálfstæðar ákvarðanir um það hvað þau vilja gera. Börnin læra að þau þurfa að standa við það val á viðfangsefni sem þau ákváðu að leika með í ákveðinn tíma. Með því að hafa ákveðinn tíma sem börnin þurfa að vera í þeim leik sem þau völdu að leika í lengist leikúthald þeirra og leikurinn verður dýpri og innihaldsríkari. Börnin læra að standa með sér og ákvörðunum sínum. Valmiðarnir sem börnin nota þegar þau velja sér viðfangsefni eru með nöfnum þeirra og þau læra fljótt hvernig nafnið þeirra og nöfn annarra barna líta út sem er fyrsta skref í átt að lestri.</p>
--	--	--	---	----------------------	----------------------	---	--

Töfrasteinn - Endurmat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<p>Sjálfbærni og Vísindi: vinna markvissara með sjálfbærni og leggja áherslu á að flokka rusl. Moltugerð og grænmetisrækt. Gefa börnunum tækifæri til að vinna meira í</p>	<p>Á deildarfundum.</p>	<p>Allir starfsmenn deildarinnar.</p> <p>Skráningar.</p>	<p>Það gekk mjög vel að flokka rusl. Allir á deildinni, börn og fullorðnir, flokka rusl og setja í merka kassa.</p> <p>Grænmeti var gróðursett í litil einnota box sem börnin ætluðu að hugsa um og vökva reglulega. Ílátin sem notuð voru fyrir fræin voru ekki nógu góð og sumar jurtirnar skrælnuðu af þurrki, drukknuðu af ofvökvun eða dattu á gólfið og moldin fór út um allt, plönturnar þöldu ekki hnjaskið og eyðilögðust.</p>

vísindalegum rannsóknum í náttúruni og innandyra með vatni, seglum o.fl.			
Alstundir, samverustundi, sögustundir og söngstundir: Alstund er í upphafi dags þá er hlustað á eitt dægurlag, morgunsöngurinn er sunginn, það er farið yfir dagskipulagið og ef það eru einhver skilaboð eða breytingar á dagskipulaginu eru börnin látin vita af því.	Á deildarfundi.	Allir starfsmenn deildarinnar. Skráningar.	Alstundir, söngstundir og sögustundir eru fastir liðir í starfinu á Töfrasteini. Sögustundir voru þrisvar í viku, börnin voru áhugasöm við sagnalesturinn sem skilar sér vel til þeirra. Ákveðinn starfsmaður sá um að lesa fyrir hvern barnahóp en aðrir starfsmenn sátu með börnunum og hjálpuðu þeim börnum sem áttu erfitt með að einbeita sér að sögunni. Söngstundir gengu ekki nógu vel á Töfrasteini, það náðist ekki að gera söngstundirnar áhugaverðar fyrir börnin. Alstund gekk oftast vel.
Hópastarf/þemastarf: börn fædd 2019 Hópastarf/þemavinna einu sinni í viku fyrir hádegi	Á deildarfundi.	Hópstjórar.	Í hópastarfinu var börnunum skipt í tvo hópa en báðir hóparnir völdu að vinna með húsdýr. Fyrir áramót fór mikil vinna í að skoða námsgögn eins og myndir af húsdýrum og fara á internetið og afla fróðleiks um húsdýrin. Báðir barnahóparnir voru svo sameinaðir því þeir fengu sömu verkefni að vinna með. Farið var á námskeið í húsdýragarðinn til að skoða húsdýrin þar. Eftir áramót valdi hvert barn sér húsdýr til að vinna með eftir fyrirmynd frá út- prentaðri mynd sem þau höfðu valið sér. Fór nú af stað mikil vinna hjá börnunum að ákveða hvernig dýrin áttu að vera, finna efnivið fyrir gerð dýranna en þau þurftu aðstoð hinna fullorðnu við að útfæra verkið. Þetta var skemmtileg vinna hjá börnunum og þau voru stolt og ánægð þegar þau gátu loksins farið heim með dýrið sitt. Innlögn/hópastarf á móti málörvun 45 mín + 45 mín
Stöðvavinna: Börn fædd 2020 fóru í stöðvavinnu einu sinni í viku með börnum á sama aldri á Völusteini.	Á deildarfundi.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Í stöðvavinnu voru börn fædd 2020 á Töfrasteini og Völusteini. Á haustönninni var unnið með málörvunarstöðvar en eftir áramót var ákveðið að vinna í tveimur hópum með börnin. Annar hópurinn vann með söguna um Rafael en hinn hópurinn var í málörvun og að æfa sig í að klippa, líma og margt fleira. Hóparnir skiptu svo verkum, þetta gekk mjög vel og börnin voru áhugasöm.

Hreyfistundir barnanna sem stunda nám í Vísaldómsstundum. Einu sinni í viku verða hreyfistundir fyrir elstu börnin. Börnin koma með íþróttaföt sem þau æfa sig í að klæðast fyrir æfingu. Stundirnar verða byggðar upp með upphitun, þrautum, leikjum, æfingum, slökun og frágangi.	Á deildarfundi.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Þessi þáttur í starfinu féll niður.
Smiðjan. Í Smiðjunni er unnið með fjölbreytt myndlistaviðfangsefni og skapandi starf. Börnin velji verkefni í Smiðjuna, þá verða þau eftirsóknarverð og spennandi fyrir börnin.	Á deildarfundi	Allir starfsmenn deildarinnar	Starfið í Smiðjunni þarf að endurskoða. Það þarf að gefa betri tíma í að leyfa börnunum að velja viðfangsefni í Smiðjuna. Starfsmenn þurfa að vera búnir að finna viðfangsefni með börnunum áður en valtiðinn byrjar svo allir viti hvað er í boði þar. Starfsmenn þurfa að sjá til þess með börnunum að starfið í Smiðjunni sé fjölbreytt og skemmtilegt, ekki alltaf bara að mála. Gott að hafa tvö þrjú viðfangsefni í gangi í einu sem börnin geta valið um.
Sumarstarfið 2023: Að sumarstarf barnanna sé fjölbreytt, fræðandi og skemmtilegt.	Á deildarfundi.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Sumarstarfið var fjölbreytt og skemmtilegt, elstu börnin fóru í margar ferðir á söfn í borginni og tóku þá hádegisverðinn með sér og snæddu úti í náttúrunni eða fengu svæði á söfnunum sem þau gátu borðað á. Mikið var um hjólaferðir barnanna á Töfrasteini en þær efla styrk og úthald barnanna. Íþróttadagar, sulludagar og gulleitardagar voru á sínum stað í sumarstarfinu sem falla alltaf í góðan jarðveg hjá börnunum. Sumarstarfið gekk mjög vel.
Að starfsfólk efla sig í starfinu með börnunum: baði þau í íslensku máli, noti virka hlustun í samskiptum við börnin og skoði kennsluhætti sína með gagnrýnum augum.	Á deildarfundi.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Á Töfrasteini hafa starfsmenn verið duglegir að efla sig í starfinu með börnunum. Virðing, virk hlustun og ánægjulegar samræður við börnin hafa einkennt starfið á Töfrasteini. Það má alltaf bæta um betur og halda áfram næsta skólaár. Deildarstjóri þarf að styðja betur við starfsmenn sem eru af erlendu bergi brotnir svo þeir viti nákvæmlega hvað er á döfinni og til hvers, þannig verða þeir öruggari í starfi og líður betur á vinnustaðnum. Þannig ná þeir betri tengingu við starfið, aðra starfsmenn og börnin sjálf.

<p>Endurmat elstu barnanna í leikskólanum.</p>	<p>Elstu börnin í leikskólanum voru spurð spurninga um skólastarfið að vori.</p> <p>Hvað var skemmtilegast að gera í leikskólanum?</p> <p>Hvað var leiðinlegt eða erfitt að gera í leikskólanum?</p> <p>Hvað hefur þú lært í leikskólanum?</p> <p>Hvað hefðir þú vijað hafa/gera öðruvísi í leikskólanum?</p>	<p>Elstu börn skólans sem eru að halda á vit ævintýra í grunnskóla.</p>	<p>Hvað var skemmtilegt að gera í leikskólanum?</p> <ul style="list-style-type: none"> - Að teikna - Að vera í Vísdomsstundum - Að leika - Að gera snjókarl - Að búa til búning - Að perla - Að leika úti í pollunum - Að leika með LH - Að vera úti að leika - Skemmtilegast í einingakubbum - Stærðfræðibækurnar í Vísdomsstund voru skemmtilegar - Að leika í dúkkubúinu - Að gista í leikskólanum - Að leika leikritið og fá nammi - Að fara í allar ferðir - Hjólaferðir - Að fara í sund - Að fara út fyrir garðinn og í hoppubelginn - Róla - Að leika í sandkassanum <p>Hvað var erfitt að gera í leikskólanum?</p> <ul style="list-style-type: none"> - Að byggja stórt hús úr playmó KM hjálpaði mér - Að hoppa í Vísdomsstundum - Veit ekki - Að pússla - Að reyna að klifra á brúnni, það var svo erfitt að halda sér - Að hjálpa að setja stólana í borðstofuna - Að hjóla lengi, það er svo erfitt - Þegar Q talar of mikið og truflar mig og segir mér að drífa mig á Tenerife og eltir mig
--	--	---	--

Var eitthvað sem þér fannst leiðinlegt í leikskólanum?

- Nei
- Þegar Z tók gullstein úr fötunni minni

Var eitthvað sem vantaði í leikskólann sem þú hefðir viljað hafa?

- Nei
- Kanínan mín, hún er heima og ég vil sofa aftur í leikskólanum
- Fleiri bleikir og fjólubláir kubbar það er bara til einn fjólublár og einn bleikur kubbur
- Stóran dótabil sem er hægt að keyra og sitja í og stærri dótaskúr fyrir bílinn á sumrin en hann getur líka verið inni.

Var eitthvað sem hefði mátt vera öðruvísi í leikskólanum?

- Nei
- Meiri blóm
- Þegar gulleitin var þá var bara hægt að fá 5 gullsteina
- Veit ekki
- Að vera meira í dúkkubúinu
- Rigningin og stormurinn

Hvað hefur þú lært í leikskólanum?

- Að teikna regnboga
- Ég hef aldrei getað teiknað horn á regnboganum fyrr en núna
- Ég er búin að læra að fara sjálf af stað á hjólinu, svo sýndi ég pabba og mömmu í gær
- Veit ekki
- Perla
- Ekki lemja krakkana
- Að klifra efst upp á köngulóavefinn
- Að fara handahlaup
- Að hlusta á kennarann
- Leika og leika úti
- Leika í Vísdomsstundum
- Leika í leikritinu
- Fara í kastalann
- Hjóla
- Fara út fyrir og leika

Töfrasteinn - Umbótaáætlun

UMBÓTAPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Að sjá til þess að börnin njóti leiks og starfa á Töfrasteini í rólegu umhverfi án truflandi óróa og umgangs barnanna og ráps milli leiksvæða t.d. eftir máltíðir.	Að börnin fái rólegheit í leik t.d. eftir morgunverð, hádegisverð og síðdegis-hressingu. Að koma í veg fyrir að börnin rápi úr einu herbergi í annað og endi svo í hlaupum í fataherbergi barnanna.	Starfsmenn þurfa að vera vakandi fyrir því að börnin njóti leiksins í rólegheitum eftir máltíðir svo ekki myndist los á deildinni og allt fari í upplausn. Kenna börnunum að vera á því leiksvæði sem þau völdu að leika á eftir máltíðir. Starfsmaður þarf að láta börnin vita ef hann þarf að bregða sér frá t.d. að aðstoða barn á snyrtingunni svo þau verði örugg. Aðstoða börnin við að taka saman dót að leik loknum og ganga frá því á sinn stað. Skráningar.	Allir starfsmenn deildar	6. ágúst 2014	30. júní 2025	Umræður á deildafundum. Skráningar.	Að skapa ró á þeim tímum sem verið er að klára morgunverðinn, hádegisverðinn og síðdegishressinguna. Starfsmenn þurfa að hafa góða yfirsýn yfir það á hvaða leiksvæði börnin fara eftir máltíðir, fylgja þeim eftir ef þarf og sjá til þess að þau komist í góðan leik.
Umgengni á deildinn	Að börnin læri að ganga vel um eigur sínar og eigur leikskólans. Starfsmenn séu góðar	Starfsmenn ræði við börnin um umgengni á deildinni, þeir hjálpi börnunum að ganga vel frá leiksföngum, loka kössum, raða stólum,	Allir starfsmenn deildarinnar	6. ágúst 2024	30. júní 2025	Umræður starfsmanna á deildafundum og með börnunum í leiknum og í	Starfsmenn tileinki sér góða umgengni á deildinni, gangi strax frá hlutum og setji leikföng og leikefni á rétta staði. Starfsmenn aðstoði og kenni börnunum að bera virðingu fyrir hlutunum og tileinki sér snyrtimennsku, kenna þeim að leikföngin endist lengur og týnist ekki ef við göngum vel um og frá eftir leik. Að börnin læri að það er meira gaman að koma

	fyrirmyndir í þessum efnum.	raða skóm, hengja upp fötin sín o.fl. Hafa umsjónamenn sem hafa það hlutverk að hjálpa til við frágang í fataherbergi að allt sé vel frá gengið. Starfsmenn noti leikinn til að kenna frágang t.d. í bú-leiknum, vaska upp og setja matarílát á sinn stað, búa um dúkkurnar í rúmunum o.þ.h. Skráningar				samveru- stundum Skráningar	að leikföngum og leikefni sem stendur snyrtilega í hillunni heldur en ef allt er í hrærigraut. Sama er að segja um leiksvæðin.
Matartímar matarsóun	Styðja börnin í því að þau læri að skammta sér passlega mikið á diskana sína. Hvetja börnin til að smakka allan mat þó þau haldi að hann sé ekki góður.	Matmálstímar eiga að vera notalegar og rólegar stundir svo allir njóti matarins betur. Starfsmenn og börn ræða saman við matarborðið. Börnin eru hvött til að smakka allan mat og borða það sem maður skammtar sér á diskinn sinn. Sporna við matarsóun. Skráningar	Allir starfsmenn deildarinnar	6. ágúst 2024	30. Júní 2025	Umræður á deildafundum. Skráningar.	Að börnin læri sitt magamál og skammti sér ekki of mikið í einu á diskinn sinn. Að börnin læri að allir þurfa að borða fjölbreytta fæðu til að vera hraustir. Kenna börnunum að það er nógur matur til og hægt að fá aftur á diskinn ef vill. Sporna við matarsóun
Fjölskylduleikurinn -Bú	Að fjölskylduleikurinn sé oftari í boði fyrir börnin.	Að börnin fái tækifæri til að leika oftari og meira í fjölskylduleiknum í búinu með dúkkur, eldhúsahöld og svo frv.					Að börnin fái að spegla sig í fjölskylduleiknum og þjálfast í félagslegum aðstæðum sem koma upp í búleiknum s.s. að elda mat, leggja á borð, bjóða til veislu, hugsa um börnin (dúkkurnar) og endurlifa fjölskyldu hagi sína.

4 Innra mat sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð. Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl.?</p>	<p>Það gekk mjög vel að fylgja eftir þeim áætlunum sem settar voru fram fyrir sérkennslu fyrir skólaárið 2023-2024. Unnið var eins og seinustu ár þar sem öll börn sem þurftu auka aðstoð við ákveðna færni fengu sérkennslu þrátt fyrir að þau hafi ekki fengið úthlutað stuðningstímum frá borginni. Unnið var með hvern og einn einstakling út frá hans þörfum, óskum foreldra og ráðleggingum sérkennslustjóra/leikskólastjóra.</p> <p>Einnig var fyllt í matslista til að sjá hvar mestrar þjálfunar væri þörf. Eins og APES, Efi2 og Tras svo eitthvað sé nefnt. Þessar skimanir (matslistar) gefa stuðningsaðila vísbendingu um hvar sé mesta þörfin á þjálfun. Fyllt er í matslistana á sex mánaða fresti og þá sjást framfarir vel og hvar næstu áhersluþættir í þjálfun eru. Stuðningsaðili fylgdi þeim börnum eftir í leik sem áttu í erfiðleikum í samskiptum og félagsfærni við önnur börn, þannig gat hann stutt við þau og kennt þeim að finna lausnir í samskiptum og leik. Stuðningsaðili skráir daglega hvað hann er að gera með þessum börnum og hvernig gekk. Það var mikið aukið við málörvun inni á deildum skólans með sagnalestri í fámennum barnahópum. Það voru líka settar upp málörvunarstöðvar á eldri deildunum einu sinni í viku þar sem málörvun var á öllum stöðvum. Má þar t.d. nefna 1. stöð, sagnalestur og umræður úr sögunum, 2. stöð spil þar sem börnin þurfa að læra að telja reiti, fara eftir spilareglum og bíða meðan aðrir í hópnum gera, 3. stöð byggja með litlum legókubbum eftir fyrirmynd, 4. stöð börnin læra afstöðuhugtök s.s. fyrir framan, fyrir aftan, til hliðar, undir, yfir, stóri, litli o.s.frv. en þá eru hlutir sem börnin eiga að setja á rétta staði miðað við fyrirlögn. 5. stöð einingakubbar og svo mætti telja áfram. Ekki er stöðvavinnan alltaf sett upp á sama hátt, heldur var fjölbreytileikinn og efniviðurinn sem til er í skólanum nýttur til að vinna með þennan þátt. Mikið var lagt upp úr því að gefa hverju barni þjálfun sem þarf á því að halda og aðstoða það við allt það sem það þarfnaðist.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 o.fl.</p>	<p>Til að meta árangur barnanna eru lagðir matslistar AEPS, Efi2 og TRAS fyrir börn sem njóta sérkennslu. Þessar skimanir gefa vitneskju um hvar börnin eru stödd og hvernig framfarir ganga. Niðurstöður úr matslistunum sýna hvaða þroskaþætti þarf að leggja meiri áherslu á, hvað gengur vel og hvar börnin</p>

	eru að bæta sig. Niðurstöður skimananna eru notaðar til að móta og skipuleggja sérkennslu hvers barns fyrir sig.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Þau námsgögn sem mest eru notuð í kennslunni eru bæði aðkeypt og búin til í skólanum eftir þörfum hvers barns fyrir sig. Mikið er til af alls konar aðkeyptum spilum og bókum sem nýtast mjög vel í sérkennslunni til að bæta orðaforða og samskipti. Notuð eru mismunandi erfið púsl, bækur bæði myndabækur og bækur með texta, legokubbar til að kubba eftir fyrirmynd, leir, pinnar, perlur og skæri til að æfa fínhyfingar og styrkja úlnliði. Blýantar og litir til að æfa eftirhermun teikninga. Útbúnar voru myndir af flokkum t.d. mat, farartækjum, fólki, fötum, dýrum o.s.frv. til að geta rætt um og lært um nærumhverfið. Einnig myndir af nafnorðum, sagnorðum, tölustöfum, bókstöfum o.fl. Einnig var notast við iPad og í hann voru meðal annars sótt forritin Orðagull og Bitsboard pro til að hjálpa við kennslu.

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Unnið með atferlisíhlutun í einstaklingsþjálfun málþroska og félagslega færni í barnahópnum	Finna leiðir sem henta hverju og einu barni í þjálfunar ferlinu.	Haldið áfram á sömu braut og unnið hefur verið undanfarið ár þar sem það hefur reynst mjög vel. Stuðningsaðili vinnur með atferlisíhlutun þegar það á við og fylgir barninu einnig í barna- hópnum og hjálpar því í daglegum athöfnum.	Ábyrgðar- maður sérkennslu/ leikskóla- stjóri	6. ágúst 2024	30. júní 2025	AEPS, EFI2, Tras og HLJÓM2 skimanir eru lagðar fyrir börnin og framfarir þeirra metnar. Umræður á deildarfundum. Skráningar Umræður á teymisfundum með foreldrum og sérfræðiteymi á ÞB sem eru á 6- 7 vikna fresti. Skráningar.	Að börnin sýni framfarir í alhliða þroska í leikskólanum og unnið sé markvisst með börnum sem þurfa á einstaklingsþjálfun og stuðningi að halda. Má þar helst nefna, sjálfshjálp, málþroska, félagsþroska, leikþroska og annað sem hvert og eitt barn þarfnast þjálfunar í.

5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

<p>Hvernig er fjármagn sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?</p>	<p>Það fjármagn sem Leikskólinn Vinaminni fékk úthlutað 2023 til 2024 vegna fjöltyngdra barna var notað að hluta fyrir laun starfsmanna sem efla mál þessara barna sem hafa ekki fengið úthlutað stuðningstímum og einnig eru keypt námsgögn fyrir málörvunina. Mikið er keypt af góðum, fallegum og fjölbreyttum íslenskum spilum sem framleidd eru í Danmörku sem nýtast vel í málörvun fjöltyngdra barna.</p>
<p>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?</p>	<p>Daglega er unnið með orðaforða og málskilning allra barna í skólanum og þá sérstaklega með fjöltyngdum börnum. Lesið fyrir þau, haft orð á hlutum og athöfnum, hlustað á þau, sungið með þeim. Börn af erlendum uppruna sem eru með slakan málþroska, orðaforða og málskilning fá sagnalestur í litlum barnahópum þar sem eru lesnar léttar sögur við þeirra hæfi. Þau börn sem standa höllum fæti í málþroska eru tekin í einstaklingsþjálfun 2-3 sinnum í viku þar sem lagður er inn grunnorðaforði auk þess sem unnið er með þau í barnahópnum. Þeim er hjálpað að hafa samskipti við önnur börn og að taka þátt í leik með öðrum börnum.</p>
<p>Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?</p>	<p>Það er lögð mjög mikil áhersla á að efla íslenskt mál allra barna í skólanum. Það þarf að baða börnin í íslensku máli alla daga, lesa fyrir börnin, syngja með þeim, hlusta með athygli á þau, hvetja þau til að segja frá verkunum sínum t.d. myndum, spyrja börnin spurninga út frá sagnalestri. Hafa orð á hlutum og athöfnum og vekja athygli þeirra á náttúrunni og því sem fyrir augu ber í þeim efnum. Nota fjölbreytt orðaaval í samskiptum við börnin, spyrja þau hvort þau viti hvað þessi og hin orðin þýða, segja þeim það ef þau vita það ekki. Útbúnar voru bókakistur „Töfrakoffort“ á öllum deildum skólans þar sem foreldrar geta fengið bók að láni heim og lesið fyrir barnið/börnin. Þegar bókunum var skilað settu börnin stein í krukku og þegar krukkan var full fengu börnin að velja sér dag til að fagna. Náttfatadag, dótadag, koma með leikfang að heiman, baka pizzu eða eitthvað sem börnin ákváðu sjálf. Það var gaman að sjá hvað börnin voru áhugasöm við að velja sér bók til að fara með heim. Allt þetta er málörvandi fyrir börnin og ekkert virkar eins vel og þegar skóli og heimili vinna saman að viðfangsefninu.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i>, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>EF12 og AEPS listarnir eru notaðir til að fylgjast með orðaforða og málskilningi og alhliða þroska fjöltyngdra barna. Unnið er markvisst með þá þætti sem koma ekki nógu vel út úr listanum hvort sem það er málþroski, hreyfiþroski, vitsmunþroski eða annað. Listinn er uppfærður á 6 mánaða fresti. Lögð er málþroskaskimun EF12 fyrir öll börn skólans þegar þau verða rúmlega þriggja ára gömul og HLJÓM2 fyrir börn á síðasta leikskólaárinu. Unnið með málþroska þeirra barna sem koma slök út úr skimuninum. Börnin fá einstaklingsþjálfun í íslensku máli og þjálfun í barnahópnum.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i>, varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Það er hlutverk leikskólans að huga vel að öllum þáttum máls og þátttöku barnanna í leik og starfi í skólanum. Ef barn sýnir slaka getu í viðkomandi þáttum er gripið inn í og barnið fær sérstaka þjálfun í skólanum. Unnið er sérstakleg með málþroska barna. Söngur er hafður í hávegum sem og sagnalestur, unnið er með rím, hljóðkerfisvitund, hlustun „Lubbi finnur málbein“. Ritmál er sýnilegt á eldri deildum skólans. Í Vísdomsstundum er unnið með texta og ritað mál með elstu börnum skólans. Í umræðustund er skráð á flettistöflu það sem börnin segja, textinn lesinn/hljóðaður sameiginlega yfir og geymdur. Í næstu stund er textinn rifjaður upp og</p>

	lesinn/hljóðaður sameiginlega yfir aftur. Með þessu eru börnin að geyma frásagnir sínar á rituðu máli, þau efla hljóðkerfisvitundina, eflast í að segja frá því sem þau hafa áhuga á og löngun til og þau styrkjast í félagslegum tengslum, frásagnargetu og íslensku máli. Þarna er kjörið tækifæri til að fylgjast með getu barnanna og grípa inn í ef með þarf. Rímispil, spil sem eflir hljóðkerfisvitund, samsett orð, samstöfur, hljóðgreining, margræð orð, orðhlutaeyðing og hljóðtenging eru mikið notuð
--	---

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málproski fjöltyngdra barna	Að efla áfram mál og málskilning fjöltyngdra barna svo þau geti átt eðlileg samskipti við aðra og þau njóti sín í leik og starfi í leikskólanum.	Unnið verður áfram með málproska fjöltyngdra barna eins og síðastliðið ár þar sem stuðningsaðili tekur börnin út úr barnahópnum í þjálfun auk þess sem hann fylgir þeim í leik í barnahópnum. Samskiptabækur þar sem það þarf og skráningar.	Leikskólastjóri, deildarstjóri stuðningsaðili	8. ágúst 2024?	30. júní 2025	Með skráningum og niðurstöðum úr skimunum. Þannig sést hvort þær aðferðir sem notaðar hafa verið við að efla mál og skilning fjöltyngdra barna hafa skilað árangri. Skráningar.	Að fjöltyngd börn læri íslenskt mál, geti tjáð sig, átt góð samskipti við aðra og geti tekið þátt í leik annarra barna og notið sín í leik og starfi í leikskólanum.
Félagsproski fjöl- tyngdra barna.	Að fjöltyngd börn njóti sín í barna- hópnum og geti tekið þátt í leik annarra barna.	Starfsmenn deilda og stuðningsaðili hjálpi fjöltyngdum börnum sem eiga erfitt uppdráttar í barnahópnum að komast inn í leik annarra barna.	Deildarstjóri, stuðningsaðili, leikskólastjóri.			Umræður á deildarfundum og skráningar á atferli barna í barnahópnum. Skráningar	Að fjöltyngd börn verði örugg í barnahópnum og geti tekið þátt í leik annarra barna með gleði og vellíðan þeirra að leiðarljósi.

		Samskiptabækur þegar þess er þörf. Skráningar					
--	--	--	--	--	--	--	--

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru af stað í júní 2024 og verður haldið áfram með þau í ágúst 2024

Fræðsla

Á skipulagsdegi í ágúst 2023 voru þær Þóra Sæunn Úlfadóttir og Emelía Rafnsdóttir hjá MML með fræðslu um „Gæðamálörvun í daglegu starfi“, Mixtúru og MÚÚ og MML hæfnisrammar sem eru staðir og efni sem stendur okkur til boða.

Þær Hrafnhildur Sigurðardóttir og Unnur Arna Jónsdóttir komu á skipulagsdag í leikskólanum en báðar hafa lokið Diplómu námi í sálgæslu. Þær komu á vegum Hugarfrelsis með fyrirlestur um það hvernig starfsmenn geta eftt vellíðan sína í starfi.

Á vorönn fóru aðstoðaleikskólastjóri og einn deildastjóri á réttindanámskeiðið „uppeldi til framtíðar fyrir foreldra“ og þeir kynntu það síðan fyrir starfsmönnum á skipulagsdegi í mars 2024.

Á skipulagsdegi í mars 2024 kom Sigrún Alda Sigfúsdóttir talmeinafræðingur með fræðslu fyrir starfsfólk skólans um málþroska leikskólabarna.

Í apríl 2024 fékk allt starfsfólk skólans og foreldrar þriggja tíma skyndihjálparnámskeið í boði foreldrafélagsins.

Mikilvægt er að efla endurmenntun deildarstjóra í skólanum, bjóða upp á fagleg námskeið, ráðstefnur eða önnur fagleg fræðandi námsefni.

Lagt er upp með að hver starfsmaður sækji námskeið sem hentar starfi deildarinnar eða fari í heimsóknir á leikskóla og fræðist um leikskólastarfið þar, fái hugmyndir og upplýsingar sem nýtast í starfinu í Vinaminni.

Fræðslan fari fram minnst 2svar á ári, einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Elstu börn leikskólans þ.e. þau börn sem hefja grunnskólagöngu að hausti 2024 fóru í heimsókn í sex ára bekk og voru þá um hálfan dag í einu í heimsókninni eða eftir því hvað hver grunnskóli skipulagði. Ýmist fóru kennarar leikskólans með börnunum í þessar heimsóknir eða foreldrar tóku þær að sér. Fyrsta heimsókn barnanna í grunnskólana var kynning á skólunum og síðan fóru börnin nokkrum sinnum í heimsókn í sex ára bekk ýmist með kennurum eða foreldrum allt eftir því hverju grunnskólinn óskaði eftir. Þetta voru skemmtilegar heimsóknir og börnin spennt og ánægð. Börnin fara því öruggari út í hinn stóra heim grunnskólans næsta haust og tilbúin að takast á við lífið á næsta skólastigi, grunnskólanum.

8 Foreldrasamvinna

Leikskólastjóri boðar alla nýja foreldra í viðtal áður en barnið byrjar í leikskólanum, eina foreldra í einu. Farið er yfir markmið leikskólans og áherslur í starfinu með börnunum. Foreldrar fylla út dvalarsamning og foreldrar og leikskólastjóri kynnast aðeins. Leikskólastjóri sýnir foreldrum leikskólann, kynnir þá fyrir deildarstjóra og starfsmönnum deildarinnar sem barnið byrjar á og foreldrar fá upplýsingar um hvenær barnið byrjar í skólanum, hvernig aðlögunin fer fram og annað sem foreldrar vilja vita. Barnið byrjar svo í leikskólanum og er gefinn sá tími í aðlögun sem hvert og eitt barn þarf til að ná tökum á lífinu í leikskólanum sínum.

Deildarstjórar boða foreldra barna sem færast á þeirra deild eða foreldra barna sem byrja ný á deilinni í viðtal að hausti þegar barnið hefur náð að aðlagast vel. Þar fá þessir aðilar tækifæri til að ræða um barnið, foreldrar gefa deildarstjóra upplýsingar og öfugt. Þessi viðtöl eru nauðsynleg til að foreldrar og deildarstjóri kynnist, þau geti miðlað uppeldisaðferðum sínum og áherslum í uppeldi barna sem er mjög mikilvægt. Foreldrar geta fengið viðtal við deildarstjóra barns síns eða leikskólastjóra þegar þau vilja yfir skólaárið og foreldrar barna með sérþarfir fá reglulega teymisfundi yfir skólaárið með fagaðilum frá ÞB, deildarstjóra, stuðningsaðila og leikskólastjóra eins og áður segir. Foreldraviðtöl eru einnig boðin öllum foreldrum skólans á vorönninni í febrúar-mars. Þá er farið vel yfir hvernig barnið stendur í hinum alhliða þroska í skólanum. Deildarstjórar sýna foreldrum niðurstöður skimana og annarra skráninga og foreldrar koma sínum hugleiðingum á framfæri.

Foreldrafundir

Foreldrafundir eru haldnir í september ár hvert þar sem vetrarstarf barnanna var kynnt. Foreldrar barna af einni deild í einu eru boðaðir á fund milli kl: 15:30-16:30 og var boðið upp á gæslu fyrir börnin í skólanum á meðan fundurinn stóð yfir. Það er gaman að segja frá því að 80 til 90% foreldra mættu á fundina. Leikskólastjóri kynnti starfsáætlun fyrir skólaárið og deildarstjóri kynnti dagskipulagið og þær stundir sem börnin taka þátt í. Foreldrar lýstu ánægju sinni yfir hvað börnin þeirra fengju áhugavert starf og þeir töluðu um að þeir hlökkuðu til að fylgjast með barninu sínu taka þátt í starfi skólans.

Foreldramorgunverður á föstudögum.

Nánast alla föstudaga er foreldrum boðið að borða morgunverð með barninu/börnunum sínum í leikskólanum. Þetta er gert til að efla foreldrasamstarf í skólanum og fá foreldra inn í skólann smá stund. Það er dásamlegt fyrir börnin þegar foreldrar gefa sér tíma til að stoppa í leikskólanum þeirra á föstudögum og eiga saman notalega stund í morgunverðinum. Þetta er engin skylda heldur geta foreldrar komið þegar þeim hentar, sumir foreldrar koma á hverjum föstudegi, aðrir koma tvisvar í mánuði, enn aðrir koma einu sinni í mánuði og sumir koma aldrei. Foreldrasamstarf styrkist með þessu og oftast en ekki eiga foreldrar notalega stund með barninu sínu og öðrum foreldrum. Það er líka gaman að börnin gera kröfur á foreldrana að koma og borða morgunverð með þeim í leikskólanum á föstudögum og oft geta foreldrar hagrætt vinnu sinni þennan morgunn. Í boði er hafragrautur, nýtt brauð úr bakaríinu, alls kyns álegg, vatn, mjólk og kaffi.

Foreldraráð

Foreldraráðsfundir eru haldnir reglulega yfir árið. Foreldraráð kynnir starf félagsins á foreldrafundum að hausti og þá eru fulltrúar kosnir úr hópi foreldra til að sitja í foreldraráðinu. Fulltrúar sem setið hafa í stjórn félagsins eru jafnvel sumir hverjir að hætta með börn sín í skólanum eða vilja draga sig út úr stjórninni. Á fyrsta fundi foreldraráðsins, sem er haldinn í október, eru nýir stjórnarmeðlimir boðnir velkomnir og farið er yfir störf félagsins síðastliðið ár. Rætt er um þátttöku foreldrafélagsins í jólaundirbúningi t.d. að fá jólaleiksýningu í skólann fyrir börnin og sjá um veitingar á jólaballinu o.fl. Foreldraráð skiptir með sér verkum við undirbúninginn og ákveðið er hvenær á að hittast aftur til að útbúa veitingar á jólaballinu. Á vorönninni er aftur fundur foreldraráðsins þar sem foreldrar taka ákvörðun um vorferð barna og foreldra í sveitina, leiksýningu fyrir börnin á vordögum, sumarhátíðina og aðrar hugmyndir sem koma upp og er ákveðið af foreldraráði. Foreldraráð heldur úti lokaðri Facebooksíðu fyrir foreldra skólans, þar koma upplýsingar um störf félagsins og fundargerðir eru settar þar inn. Upplýsingar um viðburði í skólanum eru líka settar inn á Facebooksíðuna.

Stjórn foreldrafélagsins er með lokaða Facebooksíðu þar sem mikil samskipti fara fram milli þeirra og kemur í staðinn fyrir annars marga fundi stjórnarmanna. Foreldrar í foreldraráði lesa yfir starfsáætlun skólanas árlega og gefa henni umsögn.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar þar sem leikskólanum er lokað eru tveir á ári, annar skipulagsdagurinn er í beinu framhaldi af sumarfrí barna og starfsmanna og hinn skipulagsdagurinn er á vorönn í mars. Aðrir skipulagsdagar er haldnir utan hefðbundins vinnutíma. Á skipulagsdegi að hausti er farið yfir starfsáætlun skólaársins og starfsmenn ræða um þá þætti í starfinu sem leggja á áherslu á til umbóta yfir skólaárið. Farið er yfir markmið skólans og þau rædd. Fenginn er fyrirlesari með fræðslu fyrir starfsfólkið. Starfsmenn hrista sig saman eftir gott sumarfrí og gera deildir tilbúnar fyrir komu barnanna í skólann. Aðlögun nýrra barna er að fara af stað og það þarf að undirbúa komu þeirra af kostgæfni.

Á öðrum skipulagsdögum, sem eru haldnir á kvöldin utan hefðbundins vinnutíma, eru fengnir fyrirlesarar, haldin námskeið, ráðstefnur, deildarfundir og fagfundir.

Starfsmannafundir eru einnig á þessum tíma. Námskeið sem eru haldin eru t.d. námskeið í slysavörnum barna annað hvert ár, og ýmis námskeið sem tengjast starfinu með börnunum.

Deildarfundir eru haldnir einu sinni í mánuði, starfsmannafundir einu sinni á önn og deildarstjórafundir aðra hverja viku. Að sjálfsögðu er alltaf hægt að hafa fundi auk þessara föstu funda eins oft og nauðsyn krefur.

Leikskóladagatal

Leikskóladagatal fyrir skólaárið 2024-2025 er sent með starfsáætluninni í viðhengi.

10 Fylgiskjöl

Málproski barna.

Nýútkomin íslensk rannsókn hefur sýnt að málproski barna og ungmenna stendur höllum fæti. Þess vegna þarf að bygja brunninn strax í bernsku og hafa öflugt málörvunar-starf í leikskólanum og byggja traustan grunn í máltöku barna. Foreldrasamstarf þarf að vera öflugt svo árangur náist.

Stjórnendur leikskólans Vinaminnis hafa talað um það í nokkur ár hvað málproska barna á leikskólaaldri hefur hnignað. Leikskólinn hefur því unnið hörðum höndum að því undanfarin ár að efla málproska barnanna í leikskólanum frá eins árs aldri til sex ára aldurs. Síðastliðið skólaár var sérstaklega tekið til hendinni en öll spil og bækur sem æskileg eru fyrir málörvun voru fundin til og sett á til þess gerðan stað öllu starfsfólki aðgengilegu.

Útbúin voru galdrakoffort fyrir hverja deild fyrir sig, en í þau voru settar bækur sem henta hverju aldursskeiði. Foreldrar og börn voru hvött til að velja eina bók til að taka með heim í lok skóladags lesa hana heima að kvöldi fyrir barnið og skila henni næsta morgun í galdrakoffortið. Þetta var mjög vinsælt meðal barna og foreldra en mörg börn vildu ekki fara heim nema taka með bók.

Settar voru málörvunarstöðvar á allar deildir skólans en þar vinna starfsmenn að því að leggja inn orð og orðasambönd með börnunum. Lestrarstundir og söngstundir hafa verið á öllum deildum skólans á hverjum degi. Starfsmenn leggja sig fram við að baða börnin í íslensku máli og hafa orð á hlutum og athöfnum á yngri deildum skólans. Á eldri deildunum hafa starfsmenn unnið með málproskann í stöðvavinnu en þá fara börnin af einni stöð á aðra og vinna ýmis konar viðfangsefni á hverri stöð fyrir sig. Sem dæmi um slíka stöðvavinnu er t.d. unnið með eftirfarandi viðfangsefni: Á einni stöð er unnið með afstöðuhugtök eins og fyrir aftan, fyrir framan, ofan á, undir o.s.frv. Á næstu stöð er lesin saga, börnin spurð út úr sögunni og talað um myndirnar, orðaforði. Á þriðju stöðinni er spilað en leikskólinn á mjög mikið af góðum spilum sem örva málproska barnanna, talnaskilning og liti. Á fjórðu stöðinni er kubbaleikur með einingakubbum en byggingaleikurinn gefur gott tækifæri til umræðna við börnin um byggingar þeirra, hugmyndaflug þeirra eykst svo og rökhugsun. Á fimmtu stöðinni eru börnin að kubba með litlum legókubbum eftir fyrirmynd kennarans eins og einn stór grænn kubbur og tveir litlir hvítir kubbar o.s.frv. Þarna læra börnin lítill, stór, minni, stærri, jafnstór, litir o.s.frv.

Einn leikskólakennari hefur verið í hlutastarfi í skólanum í nokkur ár og unnið með tvítyngdum börnum og börnum sem eru með slakan málproska, hefur hann unnið með börnunum bæði inni í barnahópnum og svo í einstaklingsþjálfun.

Unnið er með *Lubbi finnur málbein* á öllum deildum en þar er farið yfir máhljóðin auk þess sem sögur og söngvar tengjast efninu.

TMT er lagt inn á öllum deildum skólans en tákn með tali er gott tæki fyrir börn sem eru að taka inn málið eru sein til máls og fyrir börn með skerta málgetu. TMT hjálpar börnunum að tjá sig með táknum.

Næsta skólaár bætist við flæðilestur.

Þrátt fyrir alla þessa vinnu starfsmanna leikskólans hefur það komið í ljós að málproski barnanna stendur í stað. Niðurstöður málproskaskimana sem leikskólakennarar leggja fyrir öll börn sem eru orðin þriggja ára og tveggja mánaða sýna mjög afgerandi slaka getu. Þessar niðurstöður ollu fagfólki skólans miklum vonbrigðum því mikið var búið að vinna með málproska allra barnanna í skólanum.

(Þess skal samt geta að auðvitað voru nokkur börn í meðalgetu og í góðri getu. Og í niðurstöðum á HLJÓM2 komu allir nema eitt barn út í meðal eða góðri getu).

Leikskólastjórar skólans ræddu málin sín á milli og komust að því að nú væri eitt hálmstrá eftir og það væru foreldrarinnir.

Leikskólastjórar fóru þess á leit við Sigrúnu Öldu Vigfúsdóttir talmeinafræðings hjá Suðurlandsstöð að koma með fyrirlestra fyrir foreldra barnanna í skólanum. Sigrún Alda tók mjög vel í þessa bón og hélt þrjú fyrirlestra fyrir foreldrana og einn fyrir starfsfólk skólans á skipulagsdegi. Sigrún Alda útbjó einn fyrirlestur fyrir hvert aldurs skeið barna þ.e. eins til tveggja ára gömul börn, tveggja til þriggja ára gömul börn og þriggja til fjögurra ára gömul börn. Með þessu var Sigrún Alda að gefa foreldrum hugmyndir um það hvernig þeir geta eftir málþroska barna sinna. Hvað þeir þurfa að varast og mikilvægi þess að börnin nái góðum tókum á málinu í bernsku. Það er gaman að segja frá því að foreldrar fjölmenntu á þessa frábæru fyrirlestra hjá Sigrúnu Öldu nánast 90 % foreldra barna á tveimur deildum mættu en á yngstu deildinni voru foreldrar um 40-50%. Margir foreldrar töluðu um hvað það var gott að fá þessa fræðslu og að þeir hafi ekki gert sér grein fyrir því að börn þurfi svona mikinn stuðning við máltökuna.

Nú tekur við nýtt skólaár í ágúst 2024. Starfsmenn leikskólans Vinaminnis eru uppfyllir af áhuga og tilhlökkun að sjá hvað gerist nú þegar foreldrar taka virkan þátt í málörvun barna sinna. Sigrún Alda talmeinafræðingur kemur aftur til okkar á haustdögum með fyrirlestra fyrir foreldra. Við viljum sjá öll börn í meðal eða góðri færni á málþroskaskimunum á næsta skólaári börnunum og framtíð þeirra til heilla.

Sólveig Einarsdóttir

Fylgiskjöl frá deildarstjórum

Töfrasteinn

Starfið á Töfrasteini gekk mjög vel síðastliðið skólaár. Samskipti starfsmanna á milli voru góð og allir tilbúnir til að vinna vel saman með börnunum svo þau fengju sem best skólustarf, leitast var við að skilja þau og láta þeim líða vel í leikskólanum sínum. Dagskipulag deildarinnar var einfalt og skýrt og bæði starfsmenn og börn fljót að tileinka sér skipulagið. Á vorönn tók nýr deildarstjóri við deildinni en haldið var í sama skipulag og var fyrir sem gekk vel og þótti enginn ástæða til að breyta.

Aðlögun barna af Völusteini gekk vel, börnin voru fljót að aðlagast deildinni, nýju skipulagi og rýminu sem slíku. Töfrasteinn hefur afnot af stærra rými en Völusteinn og því miklu meira pláss til að leika á sem er gott. Það olli því samt að börnin voru að rápa milli leiksvæða sér í lagi í flæði og eftir matmálstíma það olli truflun hjá börnunum og órói var á deildinni. Þetta hefur verið endurskoðað fyrir næsta skólaár. Ein breyting var á svæðum deildarinnar að dúkkubúið var færð af gangi deildarinnar og inn í Litlu stofu. Ákveðið var að hafa börnin ekki aldurskipt í matartímum og í lok dags, heldur völdu börnin sér sæti fyrir máltíðir í alstund á morgnana. Það skipulag gekk vel og meiri ró skapaðist í barnahópnum. Sögustundir voru fyrir alla árganga deildarinnar þrisvar í viku, til að efla málþroska og auka orðaforða barnanna. Þessar stundir voru alveg heilagar og duttu aldrei niður. Starfsmenn sem ekki voru að lesa fyrir börnin sátu með þeim börnum sem áttu erfitt með að einbeita sér í sögulestrinum. Val var einnig þrisvar í viku á deildinni og gekk það vel, börnin voru fljót að læra inn á valstundirnar og valið sjálft. Útivera var alltaf eftir hádegi þegar veður leyfði.

Vísdomstundir voru á þriðjudögum og fimmtudögum f.h. og hópastarf barna fædd 2019 var líka á þeim tíma. Þetta starf er búið að vera í mörg ár í skólanum, það vekur áhuga og fróðleiksfýsn barnanna, eflir málþroska, samvinnu meðal barnanna, tillitsemi, vináttu og samkennd og verður óbreytt áfram.

Í hópastarfinu voru börnin að vinna með þema. Unnið var með íslensku húsdýrin. Hópstjórar kynntu húsdýrin fyrir börnunum og þau unnu verkefni í tengslum við fræðsluna. Hópnum var skipt í tvennt annar hópurinn var í innlögn á húsdýrunum og hinn á málörvun, svo var skipt eftir 45 mínútur. Hóparnir voru svo sameinaðir á vorönn og þá var farið á fullt í vinnu við lokaverkefni hópastarfsins. Börnin völdu sér mynd af því húsdýri sem þau vildu vinna með. Hópstjórar hjálpuðu börnunum við að finna efnivið í dýrin og aðstoðuðu þau við gerð þeirra, en það þurfti að gera bók, fætur, höfuð o.s.frv. allt eftir því hvaða dýr þau völdu að gera. Hópstjóri aflaði efnis í dýrafeldi

sem börnin gátu valið úr fyrir dýrið sitt en feldurinn var erfiður viðfangs fyrir skærin og fengu þau aðstoð við að sníða feldinn og líma hann á dýrin. Þegar þessi vinna var í gangi þurfti að vinna með einu barni í einu en hin börnin fóru í málörvunarstöðvar eða í hreyfistund á meðan. Hópastarfið gekk vel, bæði börn og starfsmenn höfðu mikla ánægju af stundunum og mikill áhugi var á húsdýrunum hjá börnunum. Meðan á vinnuferlinu stóð fóru börnin í námsferð í Húsdýragarðinn og sóttu námskeið og fræðslu þar.

Börn fædd 2020 byrjuðu á að vera í stöðvavinnu á haustönn ásamt fjórum börnum á Völusteini fædd sama ár. Stöðvavinna gekk vel og var sett upp til að efla kunnáttu barnanna á ýmsum sviðum þó höfuðáhersla hafi verið lögð á málskilning og orðaforða, þar sem hópurinn sem slíkur var ekki sterkur á því sviði. Á vorönninni var börnunum skipt í tvo hópa. Ákveðið var að hafa söguna um Rafael sem þema og skiptust barnahóparnir á að vinna með Rafael og svo finhreyfingar og málörvun.

Samvinna á deildinni er góð. Samskipti allra aðila á deildinni hafa verið góð og vel gengið að skapa rólegt og þægilegt andrúmsloft fyrir börnin til að njóta sín í leikskólanum, tjá sínar skoðanir og hugmyndir. Mikill stöðuleiki hefur ríkt á deildinni allt árið og starfsmenn orðnir vel vanir vinnuháttum samstarfsfélaga sinna, fólk tilbúið að finna lausnir í sameiningu og hjálpast að í starfinu.

Halldór Gauti Kristjánsson deildarstjóri á Töfrasteini.

Völusteinn

Haustið gekk vel á Völusteini, börnin sem aðlöguðust af Dvergasteini voru dugleg og fljót að finna sig á nýju deildinni sinni. Aðeins eitt nýtt barna kom inn á deildina en aðlögun þess gekk mjög vel. Starfið byrjaði því strax í september með stöðvavinnu og málörvun. Börnin voru samt dálitla stund að læra að eira í viðfangsefnunum og læra að njóta viðfangsefnanna. Leikur þeirra einkenndist þá frekar af því að hlaupa um og ærslast saman en að einbeita sér í leik. Starfsmenn tóku á þessu, sátu með börnunum í leik og börnin æfðust í að einbeita sér í stutta stund í einu í leik og svo smá lengdist einbeitingarþráðurinn þeirra.

Í kringum áramót urðu þó nokkrar starfsmannabreytingar á deildinni. Starfsmaður í fullu starfi fór í fæðingarorlof í desember og stuttu eftir áramót minnkaði deildarstjóri starfshlutfall sitt. Það kom inn starfsmaður með kennaramenntun í 50% starfshlutfalli frá annarri deild inn á Völusteini og var deildarstjóra innan handar. Einn nýr starfsmaður kom inn í fullt starf í janúar en sagði upp rúmum mánuði síðar. Það voru einnig töluverð veikindi meðal starfsmanna fyrstu mánuði ársins. Upptalin atriði gerðu það að verkum að minni stöðugleiki og rútína voru á deildinni, lítið um skipulagt starf (alstund, stöðvavinnu, val, útikennslu o.s.frv.) á deildinni og undirrituð fann einnig fyrir vaxandi óánægju starfsfólks. Það var minni ró í samverustundum og matartímum og meira um hlaup, fíflgang og ágreining minni barna. Ég vil taka það fram að börnin á deildinni voru allan þennan tíma að jafnaði mjög glöð og kát, að eignast góða vini, með góð tengsl við starfsfólk, að eflast í alls kyns færni og málproska. En starfsmenn töldu mikilvægt að skapa meiri ró inni á deild og fá meiri stöðugleika til að námsumhverfi barnanna væri sem ákjósanlegast.

Það voru gerðar nokkrar tilraunir til að koma meiri ró og ánægju á deildina, sem gekk á tímabilum bara vel, en í apríl var gripið til þess að hrista af alvöru upp í skipulagi deildarinnar, gera nokkrar breytingar hvað varðar skipulag, auka stöðvavinnu og hópavinnu fyrir hádegi og hafa dagskipulagið og reglur inni á deildinni skýrari fyrir börn og starfsmenn. Leikskólastjóri stýrði þessum breytingum í samvinnu við starfsfólk deildarinnar og var leikskólastjóri í nokkra daga með í starfinu á Völusteini til að fylgja þessu eftir. Þetta gekk mjög vel og á stuttum tíma var kominn mun meiri stöðugleiki og ró á deildina og hélst þetta skipulag og stöðugleiki fram á sumar. Bætt skipulag og meiri stöðugleiki jók sömuleiðis greinilega ánægju starfsfólks á deildinni. Breytingarnar fólust helst í því að hafa skýra uppbyggingu í alstund kl. 9 á morgunana þar sem dagskipulagið var gert sýnilegt með myndum. Allar samverustundir voru færðar inn í innri stofu til að minnka truflun frá öðrum deildum og starfsmönnum sem labba í gegnum deildina. Við merktum og festum sæti í samverustundum til að hafa meira öryggi hjá börnum hvert ætlast sé til að þau fari næst. Skipulagi á matartímum var

breytt, fjögur matarborð í stað þriggja til að hægt væri að veita hverju barni meiri athygli í matartímum og efla þau í sjálfstæði í að fá sér á diskinn, ganga frá o.s.frv. Einnig var aukið skipulagt starf fyrir hádegi.

Þegar leið á vorönn var skipulagt starf á deildinni fyrir hádegi og meira um frjálstan leik úti og inni eftir hádegismat og hvíld. Helst var unnið með stöðvinnu (um tvisvar í viku) en þar var áhersla lögð á að efla málþroska (*Lubbi*, segja frá myndum, spil sem efla orðaforða), fínhreyfingar (þræða, litapinnar, púsla, negla, fínlegir kubbar, klippa og líma), grófhreyfingar (dansstundir og hreyfipraut) og sköpun (listasmiðja, þekjulitir, vatnslitir, klippa og líma, teikna, lita með trélitum, vaxlitum og tússlitum, blanda liti). Það hefur lítið verið um skipulagt val á deildinni, það hefur verið ca 1x í mánuði og alltaf við góðar undirtektir og þátttöku barna. Hins vegar leyfum við börnum að taka þátt í að velja sér viðfangsefni í frjálsum leik. Við efldum sjálfstæði barna í matartímum, á snyrtingunni og í fataklefanum.

Í lok vorannar geta öll börn klætt sig sjálf úr útifötum og gengið snyrtilega frá þeim á sinn stað. Þau geta einnig fengið sér sjálf á diskinn og gengið nánast hjálparlaus frá afgangum og borðbúnaði á sinn stað. Öll börn hafa fengið þjálfun í að nota klósettið (ekki kopp) og nú í júní er alfarið notast við klósett nema í örfáum undantekningum (tímaþröng eða því um líkt). Í júní notast 6 börn enn við þeyju að öllu leyti eða að hluta til. Þessi börn geta öll pissað í kopp og klósett stöku sinnum eða alltaf.

Undir lok vorannar prófuðum við að hafa samræður í stórum hóp, börnin réttu hljóðlaust upp hönd ef þau vildu fá orðið og svo hlustuðu allir þegar börnin tjáðu sig. Þetta var valdeflandi og skemmtilegt. Við lærðum ný klassísk íslensk lög og fannst börnunum mjög gaman að auka í lagabankann. Í sameiningu voru búin til ný tákni fyrir nýju lög. Börnin lærðu Ó blessuð vertu sumarsól, Lóan er komin, Öxar við ána, Óskasteinar, Maistjarnan, Vorvindar glaðir og fleiri góð lög.

Börnin höfðu mjög gaman af útiveru og þegar veður leyfði var oft farið 2x á dag út að leika. Útiveran var mjög fjölbreytt og skemmtileg á sumarmánuðum og fengu börnin ýmis konar útikennslu, skógarferð, útistöðvar, göngutúra, hjólaferðir, sullu-dag, íþróttadag og gengu á listasýningu í hverfinu á vegum Listahátíðar í Reykjavík. Í maí voru aðeins um 8 börn sem voru enn að fara í hvíld og var ákveðið að færa hvíldina okkar inn í aðra stofuna á Dvergastein og samnýta starfskrafta þaðan. Þessi breyting var góð, gekk vel og var alltaf nóg af leikplássi á Völusteini fyrir börn frá Dverga- og Völusteini eftir að þau vöknúðu.

Kristín Sveinsdóttir deildarstjóri á Völusteini

Dvergasteinn

Starfið á Dvergasteini hófst strax eftir verslunarmannahelgi í ágúst. Hópur barna kom í aðlögun frá Álfasteini en það voru einnig mörg börn að hefja leikskólagöngu í fyrsta sinn og höfðu ekki verið í daggæslu áður. Aðlögun barna frá Álfasteini gekk almennt vel en þau börn sem komu ný inn þurftu sum hver lengri tíma að aðlagast nýjum aðstæðum og umhverfi. Nokkur börn komu aðeins síðar inn í aðlögun og var deildin ekki fullskipuð fyrr en í október.

Í heildina litið gengu hlutirnir vel fyrir sig þrátt fyrir að aðlögunin hafi tekið sinn tíma. Leitast var við að skapa sífellt rólegt og kærleiksríkt umhverfi fyrir börnin þar sem þau fengu að prófa sig áfram með alls kyns verkefni. Börnunum var oft skipt í smærri hópa þar sem málþroski var efldur í gegnum leik, myndir, lestur og söng. Fínhreyfingar barnanna voru þjálfaðar í alls kyns borðavinnu og þegar leið á haustið hófst hópavinna þar sem börnin fengu nánari kennslu í sérhæfðum verkefnum, hreyfistundum, spilum, smiðju, útikennslu og göngutúrum. Unnið var oft með stöðvavinnu í hópavinnu og nutu börnin sín vel í því. Um haustið lærðu börnin að sitja saman í samverustundum tvisvar á dag, taka þátt í samsöng og leikjum í stórum hóp og fylgja einföldum fyrirmælum. Sjá mátti framfarir hjá börnunum frá því í byrjun október þar til í lok nóvember. Undirbúningur jólaanna á Dvergasteini var einstaklega ánægjulegur. Það var mikið unnið í smiðjunni við fjölbreytt fönðurverkefni og skreytingar. Við lærðum fullt að jólalögum, bökuðum piparkökur, horfðum á jólaleikrit, fórum í heimsókn í Fella- og Hólakirkju og héldum eftirminnilegt jólaball með foreldrum í Danshöllinni í Mjódd.

Frá því í haust var ýmislegt sem varð til þess að reglulega urðu breytingar á starfsfólki á deildinni og óstöðugleiki hvað varðar stjórnun. Í upphafi voru tveir deildarstjórar á deildinni, annar deildarstjóri var í hálfu starfi og með ábyrgð á foreldrasamskiptum og samskiptum inni á deild en hinn deildarstjórinn hafði starfað lengur sem leikskólakennari og sá um skipulagt starf á Dvergasteini. Um miðja haustönn var deildarstjórinn í hálfu starfi í 6 vikna launalausum leyfi vegna annarra skyldna og um svipað leyti var mikil fjarvera hjá hinum deildarstjóranum vegna veikinda. Það má segja að hér hafi óánægja starfsmanna byrjað að aukast vegna skorts á ábyrgðaraðila í daglegu starfi inni í deildinni. Í byrjun desember kom annar deildarstjóri aftur í hálfu starfi og hófst þá undirbúningsvinna að koma nýjum deildarstjóra inn í hlutina og endurmeta skipulagið inni á deild.

Í janúar 2024 tók við nýr deildarstjóri á Dvergasteini. Var hún áður deildarstjóri á Álfasteini og nýkomin úr fæðingarorlofi. Áherslur deildarinnar í heild breyttust ekki mikið. Mikill metnaður var lagður í að koma skipulögðu starfi á legg. Unnið var mikið með val, stöðvavinnu, hópavinnu, útiveru og smiðju.

Í vali fá börnin að nýta lýðræði í starfi. En þá fá börnin að velja sjálf hvað þau vilja leika sér með og kemur þá áhugasvið barnanna vel í ljós. Þessar stundir efla sjálfsöryggi þeirra, núvitund, áhugasvið o.fl. Börnin standa upp og velja sér svæði fyrir framan hina krakkana, kennarinn nýtir tímann til að ræða um áhuga barnsins á viðfangsefninu ásamt því að barnið velur nafnið sitt úr hópi allra nafna barnanna og lærir þar með ritað nafn sitt og stafina.

Stöðvavinnan var mikið nýtt til málörvunar og sköpunar. Fjórar stöðvar voru lagðar fyrir börnin. Tvær málörvunarstöðvar og tvær sköpunarstöðvar. Hér lærðu börnin íslensku máhljóðin, rím, vísur og þulur. Spilað var með þeim og þau böðuð í íslensku máli. Sköpunargáfa barnanna var eflað með t.d. einingarkubbum, en þá fengu börnin tækifæri til að byggja það sem þeim datt í hug. Kennarar nýttu tækifærið og töluðu við börnin um það sem þau sköpuðu hverju sinni og voru til taks ef þau þurftu aðstoð eða til að koma börnunum af stað.

Sett var púður í að koma af stað smiðjuverkefnum. Börnin fengu tækifæri til að fara inn í smiðju og láta listræna hæfileika sína skína. Fengu þau ýmist að gera frjáls verk þar sem ímyndunaraflið fékk að leika lausum hala ásamt því að þau fengu fyrir fram ákveðin verkefni í hendurnar sem þau svo þurftu að leysa. Útkoman voru afar skemmtileg verk sem svo voru sýnd á fallettri sýningu á opnu húsi í maí 2024.

Útiveran var á sínum stað en börnin eru að stækka mikið á þessu tímabili og þurfa mikla hreyfingu. Grófheyfingar barnanna voru því eflaðar að miklu leyti úti í útiveru. Börnin fengu einnig að fara í útikennslu þar sem þeim var kennt að ganga í hóp. Lærðu þau að leiða félag sinn, labba í röð, ganga yfir gangbraut, líta til beggja hliða áður en gengið er út á götu og að hlusta eftir bílum. Þau lærðu um náttúruna, fuglana, árstíðir o.fl.

Sjálfsbjálpin var eflað í fataklefanum þar sem börnin æfðu sig að klæða sig sjálf. Kennarar báðu um viðeigandi fatnað og áttu börnin að sækja og rétta starfsmanni. Þetta gekk nokkuð vel fyrir sig. Mörg hver eru orðin full fær um að klæða sig í úlpu, húfu, kuldagalla og vettlinga.

Hópastarfið var ekki eins öflugt og lagt var upp með í janúar. Starfsmannabreytingar urðu til þess að það féll niður. Stöðvavinnan tók við og gekk það mjög vel.

Í ársbyrjun voru samskipti meðal starfsmanna á deildinni enn í ójafnvægi eftir haustið en þegar líða tók á árið breyttist starfsmannahópurinn og þar með samskiptin. Nú er virkilega gott andrúmsloft á deildinni. Starfsmönnum líður vel og samskiptin til fyrirmyndar. Deildarfundir eru haldnar reglulega og fá starfsmenn tækifæri til að segja sína skoðun og koma sínum hugmyndum á framfæri. Mikil samvinna ríkir á deildinni og sést það bæði í starfinu með börnunum og í samskiptum starfsmanna.

Sara Hlín B. Sölvadóttir
Deildarstjóri á Dvergasteini

Álfasteinn

Starfið gekk mjög vel skólaárið 2023-2024. Stundaskráin var aðlöguð að börnunum og breytt og bætt eftir því sem hentaði og börnin stækkuðu. Aðlögun barnanna gekk mjög vel, börnin voru dugleg að aðlagast hjá okkur. Það skiptir máli að rólegheiti ríki á deildinni meðan aðlögun fer fram. Börnin fengu fjölbreytt starf á deildinni og nutu þess mjög vel.

Í byrjun október var byrjað að skipta börnunum niður í hópa. Var hver starfsmaður með fjögur börn og vann með þeim í stutta stund í einu með þau viðfangsefni sem starfmenn ákváðu að gera með þeim.

Eftir morgunverð settust börnin saman í samverustund og sunginn var morgunsöngurinn. Eftir það var börnunum skipt í tvo hópa einn hóp í hvorri stofu með tveimur starfsmönnum á hvoru leiksvæði.

Unnið var með líkamsvitund barnanna í fámennum hópum, farið var yfir heiti líkamshlutanna, lesnar sögur í tengslum við efnið og söngvar sungnir. Starfsmenn deildarinnar gerðu tré úr pappír sem börnin máluðu, stimplaðir voru fætur og hendur á börnunum og gerð laufblöð á tréð. Börnin fengu svo að festa laufblöðin á tréð með aðstoð starfsmanna.

Í stöðvavinnunni var börnunum skipt niður í hópa og voru mismunandi verkefni fyrir börnin. Nokkur börn voru úti og önnur börn voru í borðvinnu inn á deildi. Í borðvinnunni voru börnin að efla fínhyringar sínar með því að pússla, pinna, leira, lita og mála.

Á vordögum fóru börnin að leika með einingakubba sem var mjög skemmtilegt og fróðlegt fyrir börnin. Börnin voru dugleg að vinna með þá og byggja úr þeim.

Unnið var mikið með málþroska barnanna, lesnar voru sögur tvisvar á dag og sungið mikið. Starfsmenn voru vakandi yfir því að hafa orð á hlutum og athöfnum daglegs starfs. Í ávaxtastundum á morgnana var lesið fyrir börnin en þá voru þau til helminga í sitt hvorri leikstofunni.

Smiðjuverkefni voru færð inn á deild á haustönninni því börnin þoldu illa að fara í margmennið í Smiðjunni. Á vorönninni færðum við þá vinnu fram í Smiðjuna. Það gekk svona upp og ofan. En börnin eru að læra nýja hluti sem er gaman. Þau fengu að nota alls konar liti, vatnsmálningu, þekjuliti, lím, salt, sand o.s.frv.

Byrjað var að vinna með Tákn með tali með börnunum eftir áramótin. Það er góð leið fyrir börnin sem eru ekki alveg komin með orðin sín að geta notað tákn með tali. TMT myndirnar eru hafðar sýnilegar á deildinni og börnin læra þegar þau sjá myndirnar.

Eftir hvíldina hjá okkur þegar börnin hafa vaknað í rólegheitunum og hafa fengið hreina bleyju fara þau í ýmis viðfangsefni t.d. hreyfistöð þar sem þau reyna á grófhreyfingar sínar. Börnin geta líka fengið bækur, dúkkur, dúkkukerrur, bolta, kubba og fl. Var viðfangsefnunum skipt niður eftir dögum.

Á vorin líkur hópavinnunni og stöðvavinnuni. Börnin fara þá meira út að njóta útiverunnar en sumarið er tími útiveru.

Gróa Norðfjörð Jónsdóttir
Deildarstjóri á Álfsteini.

F. h. leikskólans Vinaminnis

Sólveig Einarsdóttir leikskólastjóri

29.06.2024

Leikskólastjóri

Dagsetning

11 Fylgiskjal – Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2024–2025
Leikskólinn Vinaminni
Asparfelli 10 111 Reykjavík

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:
Rannveig Stefánsdóttir formaður
Ásthildur Guðmundsdóttir ritari
Carmen Maja Vlencia meðstjórnandi
Róbert Lunddal Gunnarsson meðstjórnandi

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengdum menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat - fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð telur að starfsáætlun sé almennt vel unnin, skýr og vel rökstudd. Foreldraráði finnst mikill metnaður lagður í málörvunaráætlun og þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að auka samstarf við foreldra hvað málörvun barna á leikskólanum varðar. Það eru nokkur atriði sem að ráðið telur að betur megi vinna. Þau atriði sem að ráðið telur að sérstaklega þurfi að taka til athugunar eru:

Foreldraráð/foreldrafélag: Í umfjöllun undir liðnum Foreldrasamvinna - Foreldraráð er hlutverkum foreldraráðs og stjórnar foreldrafélagsins blandað saman og ber umfjöllun með sér að um að hið eitt og sama sé að ræða. Aðskilja þarf umfjöllun um foreldraráð og stjórn foreldrafélags og útskýra hvað sé hlutverk hvors um sig.

Sundnámskeið elstu barna: Í starfsáætlun kemur ekki fram að börn á elstu deild leikskólans hafi farið á sundnámskeið í vor/sumar þar sem þau hafi fengið sundþjálfun og undirbúning til að takast á við sundkennslu þegar þau hefja grunnskólagöngu. Gæti umfjöllun ef til vill átt heima undir liðnum samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.

Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri: Í starfsáætlun kemur fram að nýr leikskólastjóri hafi tekið við á árinu. Síðar í starfsáætluninni er talað um leikskólastjóra í fleirtölu. Betur mætti koma fram hvort að leikskólastjórar séu nú tveir og eins hvort og þá hver verði nýr aðstoðarleikskólastjóri.

Umbótaáætlun fyrir hverja deild: Upphafsdagsetningar á aðgerðum til umbóta eru ólíkar og dreifast á milli 6. - 8. ágúst 2024 og ein dagsetninga miðast við árið 2014. Gott væri að samræma dagsetningar í skjalinu.

Umbótaáætlunir: Undir liðnum “Hvernig og hvað metið – aðferðir” er almennt rætt um skráningar. Skýra mætti betur hvað felst í skráningum.

Foreldraráð